

ÚTTEKT Á STARFSEMI


Leikskólinn Árbær

Unnin fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

20. desember 2011

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

Höfundar: Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir og
Svava Bernhard Sigurjónsdóttir



Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum, foreldrum og fræðslunefnd fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf meðan á úttektinni stóð.

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Samantekt á niðurstöðum..... | 4 |
| 1. Inngangur | 6 |
| 1.1.Gagnaöflun..... | 6 |
| 2.Leikskólinn og umhverfi hans..... | 7 |
| 2.1.Helstu einkenni leikskólans | 7 |
| 2.2. Áherslur og stefna leikskólans | 7 |
| 2.3.Sérstakar áherslur sveitarfélagsins | 9 |
| 2.4.Innleiðing laga og reglugerða..... | 9 |
| 2.5 Húsnæði og aðbúnaður | 10 |
| 2.6.Mat úttektaraðila..... | 13 |
| 3.Stjórnun og rekstur | 14 |
| 3.1. Stjórnskipulag og skipurit..... | 15 |
| 3.2. Ákvarðanatataka | 16 |
| 3.3.Starfsáætlun | 16 |
| 3.4.Mat úttektaraðila..... | 17 |
| 4. Skólabragur og samskipti..... | 17 |
| 4.1.Starfsandi | 17 |
| 4.2.Skólaþróun | 18 |
| 4.3.Einelti | 19 |
| 4.4.Mat úttektaraðila..... | 20 |
| 5. mannauður | 21 |
| 5.1 Starfsfólk..... | 21 |
| 5.2. Starfsþjálfun og símenntun | 21 |
| 5.3. Fundir og boðskipti | 22 |
| 5.4. Jafnrétti..... | 22 |
| 5.5.Mat úttektaraðila..... | 22 |
| 6.Skólanámskrá leikskóla..... | 23 |
| 6.1.Skólanámskrár leikskólans og tengsl við aðalnámskrá..... | 23 |
| 6.2.Tengsl skólanámskrár leikskólans og stefnu sveitarfélagsins | 24 |
| 6.3. Sérstakar námsskrár og sérstaða skólans | 24 |
| 6.4. Þátttaka og áhrif | 26 |
| 6.5.Tengsl skólastiga | 27 |
| 6.6.Mat úttektaraðila..... | 28 |
| 7.Leiðarljós, Grunnþættir menntunar og námsvið leikskóla..... | 28 |
| 7.1.Leiðarljós leikskóla | 29 |
| 7.2.Grunnþættir menntunar og samþætting við skólastarfið | 29 |

| | |
|---|-----------|
| 7.3.Námssvið | 30 |
| 7.3.1.Læsi og samskipti..... | 30 |
| 7.3.2.Heilbrigði og vellíðan | 31 |
| 7.3.3.Sjálfbærni og vísindi | 31 |
| 7.3.4.Sköpun og menning..... | 32 |
| 7.4.Mat úttektaraðila..... | 33 |
| 8.Uppeldi og umönnun | 33 |
| 8.1.Börnin..... | 33 |
| 8.1.2.Jafnrétti barna | 35 |
| 8.2.Dagskipulag leikskólans | 36 |
| 8.3.Leikur og nám | 36 |
| 8.4. Leikefni og efniviður | 37 |
| 8.5. Vinnustundir/Hópavinna | 37 |
| 8.6.Mat úttektaraðila..... | 38 |
| 9.Innra mat..... | 38 |
| 9.1.Mat úttektaraðila..... | 41 |
| 10.Foreldrasamstarf og ytri tengsl | 41 |
| 10.1.Foreldraráð..... | 42 |
| 10.2.Foreldrafélag..... | 43 |
| 10.3.Lýðræði og þátttaka | 43 |
| 10.4.Samskipti heimilis og leikskólans, grenndarsamfélags..... | 44 |
| 10.5.Mat úttektaraðila | 45 |
| 11. Sérkennsla barna og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins..... | 46 |
| 11.1. Samstarf sérfræðiþjónustu sveitarfélags og ríkis..... | 47 |
| 11.2. Mat úttektaraðila | 48 |
| 12. Mat og eftirlit sveitarfélagsins..... | 48 |
| 12.1. Mat úttektaraðila | 49 |
| 13.Niðurstöður höfunda | 50 |
| 13.1.Styrkleikar og veikleikar | 50 |
| 13.2.Ógnanir og tækifæri | 51 |
| 13.3.Tillögur að aðgerðum til úrbóta | 52 |
| 14. Heimildir..... | 53 |
| Viðaukar..... | 54 |

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Árbæjar. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Lagt er mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins og gerð grein fyrir því hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirlit sveitarfélagsins nýtist honum.

Árbær hefur starfað frá árinu 1995 og eru starfsmenn 33, allt konur. Fjöldi barna er 124. Meðalfjöldi barna í hóp er 20. Meðal starfsaldur starfsmanna er 4 ár og hlutfall fagmenntaðra leikskólakennara er um 30%. Leikskólinn er heilsuleikskóli og fékk viðurkenningu sem slíkur árið 2007. Sveitarfélagið hefur lagt áherslu á að styðja við börn með sérþarfir og sérfræðingar í sérkennslumálum eru starfandi á öllum leikskólum Árborgar. Ekki hafa orðið miklar breytingar í kjölfar laga um leikskóla frá 2008. Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans snúa helst að fækkun starfsmannafunda, fækkun starfsmanna og yfirvinnubanns.

Lóð leikskólans tekur ekki að fullu mið að öryggi barna, en hún safnar miklu vatni og skapar hættu fyrir yngstu börnin. Ítrekað hefur verið reynt að fá úrbætur á lóðinni án árangurs. Áhættumat liggur ekki fyrir og ekki hefur verið unnið eftir öllum athugasemdum ytri aðila varðandi húsnæði og lóð.

Leikskólinn uppfyllir kröfur aðalnámskrár í öllum meginatriðum en uppfæra þarf skólanámskrá sem er frá árinu 2006 og aðlaga að breyttum áherslum í nýrri aðalnámskrá. Einnig þurfa tengsl skólans við aðra skóla og/eða stofnanir í nærsamfélaginu að koma fram í henni. Stjórnun skólans er að mestu leyti í samræmi við lög, reglugerðir og viðurkennda starfshætti. Mikið faglegt starf fer fram á leikskólanum, hann er með skýra stefnu og hefur unnið að þróunarverkefnum með góðum árangri. Stjórnskipurit leikskólans er skýrt og verkaskipting skýr. Aðkoma starfsmanna og barna að ákvarðanatöku má vera meiri. Fáir starfsmanna- og fagfundir eru haldnir á leikskólanum og nýir starfsmenn fá litla fræðslu um starfið. Skortur er á skriflegum gögnum um leikskólann.

Foreldraráð og foreldrafélag er samrekið á leikskólanum. Að mati úttektaraðila hafa skyldur foreldrafélags verið leiðandi í starfi þess og lögbundnar skyldur foreldraráðs vikið. Skerpa þarf á verklagi og skyldum samrekis félags og kynna betur fyrir foreldrum og öðrum hagsmunaaðilum.

Uppeldi, menntun og ummönnun er að mestu leyti í samræmi við lög, reglugerðir og námskrá. Sátt ríkir milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins. Unnið er að þróun starfshátta innan leikskólans, en ekki liggur fyrir símenntunaráætlun fyrir starfsólk. Framboð að símenntun þarf að vera meira tengt leikskólanum, innra starfi og skerpa þarf á móttöku nýrra starfsmanna. Skólabragur er jákvæður og starfsandi góður. Almenn sátt er í skólanum hvernig tekið er á eineltismálum, en eitt mál er óklárað innan leikskólans. Jafnréttis er gætt meðal barna og starfsmanna.

Leikskólinn leggur innra mat fyrir börn, foreldra og starfsfólk og unnin er umbótaáætlun út frá niðurstöðum matsins. Matið er ekki kerfisbundið. Sveitarfélagið hefur ekki framkvæmt ytra mat. Leikskólanum hefur tekist vel að koma á samvinnu við foreldra og aðra hagsmunaaðila. Góður aðgangur er að sérfræðipjónustu sveitarfélagsins, en kynna má hana betur fyrir foreldrum.

Styrkleikar Árbæjar liggja í stefnu leikskólans, góðri stjórnun, samheldni starfsmanna og góðum starfsanda. Þróunarverkefnið “Skapar skólabragur velferð barna” hafði jákvæð áhrif á innra starf leikskólans. Góð líðan er á meðal barna og mikil áhersla er lögð á jafnrétti. Samskipti heimila og skóla er gott og fyrirkomulag aðlögunar er skýrt. Sérkennsla í leikskólanum er góð og greiður aðgangur að sérfræðipjónustu Árborgar.

Helstu tillögur til úrbóta eru að sveitarfélagið geri viðeigandi úrbætur á lóð leikskólans og tryggi öryggi barna á skólalóðinni. Endurskoða þarf skólanámskrá og skólustefnu hið fyrsta þar sem stefnan er frá árinu 2006 og fá alla hagsmunaaðila leikskólans að þeirri vinnu. Fjölga þarf starfsmannafundum og auka faglega umræðu starfsmanna um hugmyndafræði, stefnu, áherslupætti og innra starf og kynna betur allar áætlanir sem skólinn vinnur eftir. Bæta þarf móttöku og fræðslu nýrra starfsmanna og útbúa símenntunaráætlun fyrir allt starfsfólk. Finna þarf leiðir til að fjölga fagmenntuðu starfsfólki.

Höfundar telja að ákveðin áhætta geti verið fólgin í því hve lítill tími er gefinn til starfsmannafunda og fagfunda þar sem framundan er mikil vinna í að aðlaga skólanámskrá að nýrri aðalnámskrá og allar kröfur til innra mats, hugmyndafræði og stefnu leikskóla og þátttöku barna hafa aukist. Sveitarfélagið, stjórnendur og starfsmenn þurfa að finna leiðir til að hægt sé að uppfylla kröfur laga, reglugerða og aðalnámskrár.

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Árbæjar. Úttektin er gerð á grundvelli *20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008* og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er m.a. lagt mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gerð er grein fyrir hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirlit sveitarfélagsins nýtist honum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf að gera úttektina. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir leikskólanum Árbær og niðurstöðum úttektarinnar og gerð grein fyrir styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum er samantekt á niðurstöðum og tillögur til úrbóta.

1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra, sérkennslustjóra, sex deildarstjóra, þrjú kennara, fjóra starfsmenn, fimm börn og átta foreldra. Þá var fundað með fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formanni fræðslunefndar Árborgar. Leikskólastjóri fól deildarstjórum að velja viðmælendur í rýnihópa. Leikskólinn var heimsóttur tvisvar sinnum og húsnæði og lóð skoðuð. Markmiðið með viðtölunum, vettvangsskoðunum og rýnihópunum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi leikskólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Óskað var eftir gögnum frá leikskólanum í samræmi við efnisyfirlit skýrslu og fékk leikskólastjóri gátlista til að styðjast við. Gæði upplýsinga var misgott. Engar upplýsingar voru að finna á heimasíðu leikskólans vegna tæknimála. Gögn frá leikskólanum voru nokkuð óskipulögð og flest í formi eyðublaða. Fáar heildarskýrslur fengust frá leikskólanum og var skólanámskráin gömul og því ekki uppfærðar upplýsingar fyrir viðtölin. Leikskólastjóri og sérkennslustjóri tóku því saman, að beiðni úttektaraðila, uppfærðar upplýsingar um starfsemi leikskólans.

Auk ofangreindra þátta byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá leikskólans og gögnum um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

2. LEIKSKÓLINN OG UMHVERFI HANS

2.1. Helstu einkenni leikskólans

Leikskólinn Árborg var stofnaður 31. mars 1995 og var hann samstarfsverkefni Selfoskaupstaðar og Ölfushrepps. Þrír aðrir hreppir keyptu pláss fyrir börn á leikskólanum en þeir voru, Gaulverja, Villingaholts og Sandvíkurhreppur. Í mars 1999 var nafni leikskólans breytt og heitir hann Árbær í dag. Nýr Árbær var opnaður formlega þann 14. júlí 2002 og er hann rekinn af sveitarfélaginu Árborg. Árbær var upphaflega tveggja deilda leikskóli. Árið 2002 flutti leikskólinn í nýtt húsnæði og varð við það fjögra deilda. Árið 2006 bættust tvær deildir við og er hann því sex deilda í dag. Í leikskólanum eru pláss fyrir 124 börn samtímis og er boðið upp á sex til níu tíma vistun. Alls starfa 33 starfsmenn á leikskólanum. Leikskólinn stendur við Fossaveg 1 á Selfossi.

2.2. Áherslur og stefna leikskólans

Leikskólinn Árbær er heilsuleikskóli og fékk viðurkenningu sem slíkur þann 3. maí 2007.¹ Frá árinu 2000 hefur Árbær notað Heilsubók barnsins sem Unnur Stefánsdóttir frumkvöðull heilsustefnunnar er höfundur að til að meta þroska og framfarir barnanna og þróa og dýpka leikskólastarfið með heilsuna í huga. Við stefnumótun leikskólans sameinuðust kennarar og stjórnendur um þá hugmynd að reka heilsustefnu á leikskólanum og tengja hana við aðalmarkmið leikskólans sem leggur áherslu á félagslega færni einstaklingsins. Mælingar á þroska barnanna eru gerðar tvisvar sinnum á ári og þurfa foreldrar að gefa heimild fyrir skráningum. Mikil áhersla er lögð á hollann og næringarríkan mat, hreyfingu og heilsu. Í foreldraviðtölum eru foreldrar upplýstir um stöðu barns síns eftir mælingar í heilsubókinni.

Eitt helsta markmið Árbæjar er að efla félagslega færni einstaklingsins og er stuðst við hugmyndafræði Daniel Coleman en samkvæmt henni vegur þyngra að vera félagslega læs á umhverfi sitt en hin svokallaða greindarvísitala. Árbær leggur áherslu á að tengja félagslega færni barnanna að Heilsustefnunni, því að í viðmiðum heilsuleikskólanna kemur fram að skilgreining á heilsu er sú að góð heilsa er andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan.² Lögð er áhersla á fjölgreindir Gardners og leikskólastjóri bendir á að þær falli vel að hugmyndum leikskólafræðanna um alhliða þroska barna, leikskólinn vinnur einnig

¹ Tekið af heimasíðu Heilsuleikskóla, http://heilsustefnan.skolar.is/Saga_heilsuleikskola/

² Ársskýrsla Árbæjar, 2010-2011, bls.6.

eftir kenningum Dewey um að börn læri af reynslunni.³ Farið er yfir hugmyndafræði leikskólans á starfsmannafundum en leikskólastjóri bendir á að þar sem skipulagsdagar og starfsmannafundir séu fáir og skortur er á fagmenntuðu starfsfólki geti verið erfitt fyrir starfsfólk að dýpka skilning sinn á henni.⁴ Í viðtölum við deildarstjóra kemur fram að tækifæri gefist stundum til að ræða hugmyndafræðina á deildstjórafundum sem haldnir eru einu sinni í viku.⁵

Markmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi⁶.

1. Að efla félagslega færni einstaklingsins
2. Að stuðla að líkamlegri vellíðan með því að leggja áherslu á hreyfingu, útivist og hollan mat.
3. Að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.

Lögð er áhersla á dyggðakennslu og lífleikninám. Þær dyggðir sem lagðar eru til grundvallar í skólastarfinu eru: ábyrgð, áreiðanleiki, glaðværð, hjálpsemi, hófsemi, hugrekki, kurteisi, samkennd, sköpunargleði, vinsemd og þolinmæði. Lífleikni barna er eflað með því að örva tilfinningaleikni þeirra í gegnum dagleg samskipti og á skipulagðan hátt.⁷ Hluti af lífsleikniþjálfuninni á leikskólanum er ART (*Aggression Replacement Training*) en það er verkefni sem kennir félagsfærni og reiðistjórnun.

Í ársskýrslu Árbæjar fyrir árið 2010-2011 kemur fram að helstu áherslurnar í starfinu séu.

1. Að vinna í anda heilsustefnunnar og vinna m.a. að Heilsubók barnsins.
2. Vinna að öllum námsþáttum leikskólastarfsins í skólanámsskrá.
3. Vinna að þróunarverkefni Árbæjar: Skapar skólabragur velferð barna.
4. Vinna að dyggðakennslu í Árbæ.

Að mati leikskólastjóra er lagt mikið upp úr félagsfærni og vellíðan og eru vilji, gleði og vellíðan útgangspunktur í starfinu.⁸

Að mati leikskólastjóra og fulltrúa sveitarfélagsins eru tengsl á milli stefnu Árbæjar og skólastefnu sveitarfélagsins í leikskólamálum, m. a. er varða að barninu líði vel og njóti leikskólagöngu sinnar þar sem þeim er skapað þroskavænlegt og öruggt

³ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

⁴ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

⁵ Viðtal við deildarstjóra, 10.nóvember 2011.

⁶ Ársskýrsla Árbæjar, 2010-2011, bls.6.

⁷ Skólanámsskrá Árbæjar, bls. 9.

⁸ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

uppeldisumhverfi. Mikill metnaður er að standa vel að upplýsingamiðlun og að halda úti samvinnu við foreldra. Hvatt er til að unnið sé að þróunarverkefnum en leikskólinn hefur nýlega skilað lokaskýrslu vegna þróunarverkefnisins “*Skapar skólabragur velferð barna*”. Lögð hefur verið áhersla á sérkenntu og eru fastir samráðsfundir milli sérkennslufulltrúa sveitarfélagsins og leikskólans. Sérkennslufulltrúi aðstoðaði nýlega við að halda Haustþing um aðalnámskrá og faglegt starf í menntamálum.⁹

2.3. Sérstakar áherslur sveitarfélagsins

Leikskólastefna í Sveitarfélaginu Árborg var samþykkt í bæjarstjórn 15. desember 2003 og endurskoðuð árið 2006. Í henni kemur fram að stuðla skuli að því að öll börn sem þar dvelja geti notið bernskunnar. Þeim sé skapað þroskavænlegt og öruggt uppeldisumhverfi, undir leiðsögn leikskólakennara þar sem lögð sé áhersla á að börnin verði ábyrg, umburðarlynd og víðsýn. Einnig er fjallað um vinnuumhverfi/aðbúnað, faglegt starf, starfsfólk, þjónustustig og samstarf. Endurskoða á stefnuna á þriggja ára fresti. Hún hefur ekki verið endurskoðuð frá árinu 2006, eða sl. fimm ár.¹⁰

Sveitarfélagið er að hefja vinnu við að endurskoða skólastefnu sveitarfélagsins og aðlaga að nýjum áherslum Aðalnámskrá leikskóla og grunnskóla m.a. með skipun undirbúningshóps sem í eru fulltrúar foreldra, leikskólastjóra, skólastjóra og sveitarfélagsins sem eiga að leggja drög að vinnu við nýja skólastefnu. Í viðtölum við fulltrúa sveitarfélagsins kemur fram að sérstaða Árborgar sé til að mynda í því hvernig haldið er á málum varðandi börn með sérþarfir og bent er á að sérkennslufólk sé starfandi í öllum skólum. „*Við ætlum að vinna meira að þessu og getum gert enn betur. Við munum leggja meiri áherslu á þetta og margt fleira í nýrri skólastefnu*“.¹¹

2.4. Innleiðing laga og reglugerða

Helstu breytingar er orðið hafa á skólastarfinu í kjölfar setningar laga um leikskóla frá árinu 2008 eru að mati skólastjórnenda að reglugerðin segir ekki til um fjölda barna á starfsmann og fermetra fjölda. Þetta sé viss ókostur og valdi því að erfitt sé að vita hvar þolmörkin séu. „*Ég verð að hafa eitthvað til að veifa en það hef ég ekki, þetta er ótrúlega loðið. Ef fólk er veikt þá reynum við að redda málanum til að senda ekki börnin heim. Það er erfitt að vita hvar mörkin eru og hve mörg börn eru á hvern starfsmann. Förum því eftir fyrri reglugerð*“.

Sveitarfélagið hefur markað stefnu varðandi sakavottorð og fer

⁹ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

¹⁰ Leikskólastefna Árborgar, 2006.

¹¹ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

leikskólinn eftir henni. Að mati leikskólastjóra getur þetta skapað óánægju hjá starfsmönnum út af smæð samfélagsins. Innleiðing sérkennslu hefur að mati leikskólastjóri gengið mjög vel og er skilningur rekstaraðila á skyldum leikskólans.¹² Að mati leikskólastjóra hefur ekki orðið breytingar á kostnaði í tengslum við ný lög og reglugerðir.¹³

Helstu áhrif efnahagsástandsins eru að fleira fagfólk sækir um störf í leikskólanum en um leið hækkar það rekstrarkostnaðinn. Samdráttur hefur orðið í yfirvinnu. Árið 2009 voru starfsmannafundir færðir á dagvinnutíma og þeim fækkað. Starfsmenn sem ekki eru í vinnu á fundartíma missa þá að hluta eða öllu leyti af fundum. *“Alltaf er verið að skoða hvar skera megir niður í fjárhagsáætlun”*.¹⁴ Að mati fulltrúa sveitarfélagsins hefur Árbær ekki farið verr út úr almennum hagræðingaraðgerðum en aðrir leikskólar. Búið er að fækka í eldhúsi um 20%, yfirvinna hefur verið skorin niður, starfsmannafundir færðir á skólatíma og þeir hafa verið styttr og skertir. Benda fulltrúar sveitarfélagsins á að fimm til sex deilda leikskólar séu hagkvæmar rekstrareiningar.¹⁵

2.5 Húsnæði og aðbúnaður

*Samkvæmt 12. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðihjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuástöðu starfsfólks.*¹⁶

Leikskólinn var stofnaður árið 1995 og var upphaflega fjögurra deilda leikskóli en haustið 2006 var bætt við hann tveimur deildum og er hann sex deilda í dag. Deildirnar heita Kringlumýri, Stekkjarlækur, Fosskot, Kotatún, Heiðarsund og Bátatjörn. Allar vistarverur Árbæjar eru nefndar eftir örnefnum í Fosslandi þar sem leikskólinn stendur. Á leikskólanum geta 124 börn dvalið samtímis. Heildarstærð Árbæjar í fermetrum er 893,7 en þar af er aðalbyggingin 639,8 fermetrar og viðbyggingin er 253,9 fermetrar. Heildarstærð lóðar er 6813 fermetrar.¹⁷

Rýmingaráætlun er í gildi á leikskólanum og hefur nýlega verið farið yfir hana með starfsmönnum en lengra er síðan farið var yfir hana með börnunum. Síðasta æfing var í jarðskjálftanum og gekk hún mjög vel að mati stjórnenda. Það hrundi ekkert en allt fór á

¹² Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

¹³ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

¹⁴ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

¹⁵ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

¹⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 12.gr.

¹⁷ Upplýsingablað um húsnæði og útileiksvæði frá Árbæ, nóvember 2011.

annan endann inni. Starfsmenn fóru með börnin út á lóð en þar var læst hlið svo ekki var hægt að vera öll saman, í dag er búið að laga það.¹⁸ Einnig nefndu þeir að í jarðskjálftanum hefðu vagnar færst úr stað og hindrað útgönguleið. Æfing hefur ekki verið haldin eftir jarðskjálftann, en mikið búið að ræða um hann. “*Við höfum aldrei tíma til að undirbúa okkur og þjálfu*“.¹⁹ Rýmingaráætlunin er inni á deildum en leikskólastjórnendur er ekki vissir um að hún sé sýnileg. Áhættumat hefur ekki verið framkvæmt en verið er að skoða það og aðlaga að þörfum leikskólans.²⁰ Viðbragðsáætlun vegna heimsútbreiðslu influensu liggur fyrir í Árbæ.²¹

Brunavarnir Árnassýslu taka leikskólann út einu sinni á ári. Árvirkinn sér um viðhald á brunavarnarkerfinu og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands skoðar lóð og hús leikskólans. Athugasemdir sem þessir aðilar gera eru sendar bréflaga til yfirmanns Framkvæmda- og veitusviðs Árborgar og afrit sent leikskólastjóra. Nokkrar athugasemdir hafa verið gerðar við lóð í gegnum árin.²² Í úttekt vegna brunavarna eru gerðar nokkrar athugasemdir og bent á að þær séu að hluta þær sömu og gerðar hafi verið síðast liðin tvö ár. Þær snúa að merkingum á rýmingarleiðum, krókum og festingum á hurðum og brunahólfi í eldhúsi (sjá viðauka 1).²³ Í úttekt Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru gerðar 11 athugasemdir. Dæmi um úrbætur sem lagðar voru til var að kominn sé tími á viðhald/málningarvinnu, þvottaefni eigi að vera geymd í læstum ræstiskáp, bæta þurfi handlaug fyrir starfsfólk inn á sumum deildum og að vatnshiti við töppunarstað í handlaug barna hafi farið í 42,8 C, en vatnshiti í handlaugum barna skal ekki fara yfir 37 C í leikskólum.²⁴ Að sögn leikskólastjóra var þetta lagað 5. desember 2011.²⁵

2.5.1. Leikskólinn

Í aðalbyggingu leikskólans eru fjórar deildir og hefur hver deild 3 herbergi til eigin nota. Einnig er þar að finna litla geymslu og snyrtingu fyrir börnin. Í öðrum enda hússins er herbergi sem nýtt er til listsköpunar og í hinum endanum herbergi sem nýtt er fyrir sérkennslu og sem skrifstofa sérkennslustjóra. Tveir rúmgóðir fataklefar með salernisaðstöðu við útidyrhurð eru sitt hvorum megin í húsinu. Í miðrymi er eldhús, þvottahús, ræstigeymsla, kaffistofa, skrifstofa leikskólastóra, salur, skrifstofa,

¹⁸ Viðtöl við leikskólastjóra, sérkennslustjóra, deildarstjóra, kennara og starfsmenn 10.og 11.nóvember 2011.

¹⁹ Rýnihópar kennara og starfsmanna, 11.nóvember 2011.

²⁰ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

²¹ Viðbragðsáætlun Almannaavarna. Árbær 2009.

²² Ársskýrsla Árbæjar 2010-2011, bls.8.

²³ Brunavarnir Árnassýslu, eldvarnareftirlit. 11.október 2011.

²⁴ Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Eftirlit í Leikskólanum Árbæ. 20.október 2011.

²⁵ Tölvupóstur frá leikskólastjóra Árbæjar, 7. desember 2011.

viðtalsherbergi, salerni, undirbúningsaðstaða og fataklefar starfsmanna. Í viðbyggingu eru tvær deildir og hafa þær hvor um sig tvö herbergi og snyrtingu fyrir börn til umráða. Einnig eru þar þrjú rými sem deildirnar skiptast á að nýta. Einn fataklefi er fyrir báðar deildirnar en að auki er aðstaða fyrir töskur og annan farangur barnanna. Í viðbyggingu er undirbúningsherbergi fyrir starfsmenn og starfsmannasnyrting. Viðbyggingin eru þrjú hús, tvær gamlar skólastofur og ein skrifstofa og svo voru settar tengingar á milli.²⁶

Starfsmenn benda á að gólf í fataklefa viðbyggingar halli, hann sé of lítill miðað við fjölda barna og hljóðeinangrun í viðbyggingu sé slæm.²⁷ Á Stekkjarlæk er skiptiaðstaða ekki fullnægjandi miðað við aldur barna og eina vaskaðstaða starfsmanna á Heiðarsundi er inni á salerni barnanna. „Við þurfum að sækja vatn fyrir matinn þangað og þrifa tuskur.“²⁸ Í viðtölum við foreldra kemur fram að þar sem leikskólinn hafi verið byggður fyrir fjórar deildir, en ekki sex, sé salurinn allt of lítill. „Við getum varla verið með á litlu jólunum.“²⁹ Að sögn leikskólastjóra er komið til móts við þetta með því að hafa jólaböll leikskólans þrískipt.³⁰

2.5.2. Umhverfi leikskólans og útisvæði

Útileiksvæði Árbæjar er stórt og rúmgott og snýr að mestu leyti í suður. Lóðin er umhverfis leikskólann en er rofin af bílastæði. Bílastæðið er rúmgott og þjónar umferð og bílastæðapörf leikskólans ágætlega.³¹ Að mati allra viðmælanda úttektaraðila á leikskólanum gætir mikillar óánægju með lóðina í kringum leikskólann. Bent er á að viðvarandi óánægja hafi verið með hana síðan 2002 þar sem hún safni miklu vatni en lítið hafi verið að gert nema að setja sand í polla sem myndast á lóðinni. Kennarar töldu lóðina skelfilega og starfsmenn sögðu að útisvæðið væri „*subbulegt, einn sandur og drulla*“. Ekki eru leiktæki á lóðinni fyrir yngstu börnin, t.d. vantar rólur fyrir þau. Yngstu börnin labba fyrir rólurnar hjá elstu börnunum og skapar það hættu. Að mati starfsmanna þarf að skipta svæðinu upp eftir aldri barnanna. „*Mikið er af blindsvæðum, dauð horn og útskot út um allt.*“³²

Að mati foreldra er lóðin hræðileg, einn stór drullupollur þar sem krakkarnir velta sér upp úr drullunni allan daginn. Foreldrar benda á að það sé aukið álag fyrir starfsmenn að

²⁶ Gögn frá leikskólanum 15.nóvember 2011.

²⁷ Rýnihópur kennara og starfsmanna 11.nóvember 2011.

²⁸ Rýnihópur kennara og starfsmanna 11.nóvember 2011.

²⁹ Rýnihópur foreldra 11.nóvember 2011.

³⁰ Tölvupóstur frá leikskólastjóra Árbæjar, 7. desember 2011.

³¹ Upplýsingablað um húsnæði og aðbúnað Árbæjar, nóvember 2011.

³² Rýnihópar kennara, starfsmanna og stjórnenda 10. og 11. nóvember 2011.

fylgjast með börnunum vegna slyshættu að þessum sökum. Búið er að kvarta ítrekað yfir þessu en verkið er ekki inn á fjárlögum sveitarfélagsins þetta árið. Gæðin á leiktækjum eru slæm að mati foreldra, ein rennibraut og nokkrar rólur og ekki gert ráð fyrir leiktækjum eða aðstöðu fyrir yngstu börnin. Engin reiðhjól eru á leikskólanum.³³ Að mati fulltrúa sveitarfélagsins er lóðin ekki góð. „Það þarf að huga með dren og fleira.“³⁴

2.6. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn er heilsuleikskóli og hefur náð ágætis árangri með mælingum á proska barnanna. Starfsmannafundir eru of fáir og það veldur því að fagleg umræða um hugmyndafræði, stefnu og áherslur leikskólans er lítil. Nýir starfsmenn fá ekki nægjanlega fræðslu í upphafi starfs.
- Vel er staðið að sérkennslu barna á leikskólanum. Haldnir eru reglulegir samráðsfundir með sveitarfélaginu um sérkennslumál.
- Mikil tengsl eru á milli stefnu leikskólans og stefnu sveitarfélagsins. Mikilvægt er að fulltrúi leikskólans taki þátt í endurskoðun á stefnu sveitarfélagsins og hafi þannig áhrif.
- Mikilvægt er að sveitarfélagið og leikskólastjóri skoði í sameiningu möguleika á að fjölga starfsmannafundum og fagfundum og finni leiðir til að efla fagstarfið á leikskólanum. Vegna niðurskurðar hefur umræða um faglegt starf á leikskólanum minnkað og er ákveðin hættu á að starfsmannafundir fjalli um almenn mál, í stað faglegrar og gagnrýnnar umræðu um starfið og framþróun.
- Leikskólahúsnæðið tekur að mestu leyti mið að þörfum barna. Húsnæðið og aðbúnaður er nokkuð góður. Bæta má skiptiaðstöðu, vaski, hjóðeinangrun, og halla í gólfi. Ekki hafa verið haldnar rýmingaræfingar, en mikilvægt er að það verði gert og gagnrýnin umræða í tengslum við jarðskjálfta tekin af starfsfólki. Kynna þarf betur rýmingaráætlun fyrir starfsfólki. Útbúa þarf áhættumat og fylgja eftir athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Árvirkni varðandi brunavarnir.
- Útisvæði leikskólans er ófullnægjandi og varasamt. Sveitarfélagið þarf að finna leiðir til að endurgera lóðina og æskilegt væri að skipta henni upp eftir aldri barna og fjölga leiktækjum fyrir yngstu börnin. Tryggja þarf að háir pollar myndist ekki á lóðinni og finna leiðir til að fækka blindsvæðum.

³³ Rýnihópur foreldra, 11.nóvember 2011.

³⁴ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

3. STJÓRNUN OG REKSTUR

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.³⁵

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólalahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðihjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólalahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.³⁶

Árborg er rekstraraðili leikskólans Árbæjar. Leikskóladeild heyrir undir Fræðslusvið og fer það með málefni leikskóla og grunnskóla sveitarfélagsins. Fræðslustjóri er yfirmaður leikskóla Árborgar. Hann hefur yfirumsjón með rekstri og faglegu starfi leikskólanna og er einnig ráðgjafi þeirra ásamt sérkennslufulltrúa. Í verklagsreglum koma fram upplýsingar um leikskólafélag sveitarfélagsins, almennar upplýsingar og fjölda leikskóla sveitarfélagsins og innritunarreglur fyrir þá. Fræðslunefnd er skipuð af bæjarstjórn Árborgar og fer hún í umboði bæjarstjórnar með þau málefni leikskóla og grunnskóla í Árborg sem henni eru falin. Nefndin er hluti af fræðslusviði Árborgar og er nýráðinn fræðslustjóri starfsmaður nefndarinnar.³⁷ Fulltrúi foreldra og starfsmanna leikskóla og grunnskóla sitja í nefndinni. Nýlega var samþykkt nýtt skipurit fyrir Árborg og embætti fræðslustjóra stofnað að nýju.

Leikskólinn hefur ávallt skilað ársskýrslu til sveitarfélagsins ef frá er talið árið 2009 vegna starfsmannabreytinga í stjórnunarstöðum og hefur hann nær alltaf staðist rekstaráætlanir.³⁸ Benda fulltrúar sveitarfélagsins á að leikskólastjórar beri mikla faglega- og rekstarlega ábyrgð. Þeir skila mánaðarlega yfirförnum launalistum, hafa beinan aðgang að launa- og fjárhagskerfum, yfirfara og samþykkja reikninga í rafrænu samþykktarkerfi og fylgjast vel með rekstri starfseininga sinna. Leikskólastjórar vinna í samstarfi við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa, starfsfólk launadeildar og fjármálasvið

³⁵ Lög um leikskóla nr. 90/2008.5.gr.2.mgr.

³⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008,4 gr.1.mgr.

³⁷ Sótt af heimasíðu Árborgar, www.arborg.is, 20.nóvember 2011.

³⁸ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

Árborgar. Ábyrgð og sjálfstæði þeirra hefur aukist á undanförunum árum. Þeim er ætlað að halda áætlun og við treystum þeim vel í þessum verkefnum.³⁹

3.1. Stjórnskipulag og skipurit

Nýr leikskólastjóri tók við í janúar 2010. Hann stjórnar daglegri starfsemi skólans og ber rekstarlega ábyrgð gagnvart fræðslustjóra, sem er ætlað að vera leiðandi í málaflokknum og stefnumótun í uppeldis- og menntamálum hjá Sveitarfélaginu. Aðstoðarleikskólastjóri er aðstoðarmaður leikskólastjóra og staðgengill í fjarveru hans. Í dag er aðstoðarleikskólastjóri fráverandi vegna veikinda. Deildarstjórar bera ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati á starfi deildanna. Þeir annast daglega verkstjórn á deildinni og bera ábyrgð á miðlun upplýsinga innan hennar, jafnframt bera þeir ábyrgð á móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna. Sérkennslustjóri tilheyrir stjórnunarteymi leikskólans.⁴⁰

Alls starfa 33 starfsmenn við Árbæ þar af starfa þrír í eldhúsi og þrír starfsmenn starfa við ræstingar. Að mati starfsmanna er hlutverk allra skýrt, þrátt fyrir að skipurit leikskólans liggja ekki fyrir né starfslýsingar á öllum störfum⁴¹, en farið er eftir kjarasamningum um störf. Sátt er um stjórnun skólans, hlustað er á starfsfólk, starfsmenn upplifa að þeir skipta máli og mikill aðgangur er að stjórnendum.⁴²

Gefið er út skóladagatal fyrir leikskólann og Dagbók fyrir starfsmenn en þar er mánaðarleg dagskrá, mat og úrbætur. Á heimasíðu leikskólans koma svo fram upplýsingar um helstu áherslur og viðburði. Starfslýsingar eru samkvæmt kjarasamningum. Að mati starfsmanna skortir á að farið sé yfir starfslýsingar með þeim og verkaskiptingu.⁴³

Starfsmannahandbók er ekki til í leikskólanum, en gæðahandbók er til staðar. Þar eru upplýsingar um starfsmannastefnu, verklag starfsmanna, móttöku nýrra starfsmanna, boðskipti, starfsmannafundi, reglur um bókasafn, skipulagningu á geymslurými, reglur um viðveru barna starfsmanna á vinnustað, kaffitíma starfsfólks, opnun og lokun leikskólans, leiðbeiningar um tilkynningu veikinda, upplýsingar um foreldrafélag og samvinnu starfsfólks og foreldra ofl. Gæðahandbók leikskólans er í endurskoðun en ekki koma fram áætlaðar tímasetningar á hvenær þeirri vinnu á að ljúka. Verkferlar eru skýrir

³⁹ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

⁴⁰ Viðbragðsáætlun Almannaavarna fyrir Árbæ, 2009, bls.10.

⁴¹ Rýnihópar deildarstjóra, kennara og starfsmanna 10.og 11.nóvember 2011.

⁴²Rýnihópar starfsmanna og kennara 11.nóvember 2011.

⁴³ Rýnihópar starfsmanna 11.nóvember 2011.

að mati allra viðmælanda. Lagt er mat á stjórnunarhætti í innra mati starfsmanna. Ytra mat á stjórnun hefur ekki verið framkvæmt af vegum sveitarfélagsins, en vilji er hjá þeim að bæta úr því.⁴⁴

3.2. Ákvarðanataka

Aðkoma starfsfólks að ákvarðanatöku innan leikskólans fer helst fram í gegnum deildarstjórafundi, starfsmannafundi og aðra fundi. Að mati leikskólastjóra hefur þróunarverkefnið „Skapar skólabragur velferð barna“ þjálfað starfsfólk til að taka lýðræðislegar ákvarðanir og aukið vitund þeirra í að stuðla að aukinni ákvarðanatöku barna í leikskólastarfinu⁴⁵. Að mati starfsmanna ber leikskólastjóri flesta hluti undir starfsmenn og fær þá til að leysa málin í sameiningu.⁴⁶ Aðkoma barna að ákvarðanatöku er þó misjöfn eftir deildum. Ef hugsað er í víðara samhengi tökum við fullt af ákvörðunum.⁴⁷ Börn taka þátt í innra mati á leikskólastarfinu.

3.3. Starfsáætlun

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans⁴⁸

Ársáætlun hefur verið gefin út á leikskólanum árlega. Í síðustu ársáætlun koma fram almennar upplýsingar um leikskólann, þróun leikskólans til dagsins í dag, upplýsingar um leikskólastjóraskipti og helstu áherslur og stefna leikskólans. Upplýsingar um innra mat, helstu niðurstöður, styrkleikar og veikleikar Árbæjar og tillögur að úrbótum. Í ársáætlun kemur fram að ekkert ytra mat hafi farið fram á starfsárinu. Fjallað er um starfið á komandi leikskólaári. Dagskipulagið er kynnt og gefnar eru helstu upplýsingar um barnahópin og skiptingu hans eftir aldri á deildum. Í ársáætluninni koma einnig fram upplýsingar um starfsmannahópin, skóladagatalið, foreldrafélag/foreldraráð og almennar upplýsingar um skólaskrifstofu og sérkennslufulltrúa.⁴⁹

Þar sem heimasíða leikskólans liggur niðri hjá hýsingaraðila er ársáætlun þessa árs ekki aðgengileg á netinu og því hafa foreldrar og aðrir ekki haft jafn greiðan aðgang að henni eins og venjulega. Starfsmönnum deilda er kynnt ársáætlunin á deildarfundum en leikskólastjóri hefur ekki upplýsingar um hvernig þeir meðtaka efni hennar og innihald.⁵⁰

⁴⁴ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

⁴⁵ Viðtal við leikskólastjóra 10.nóvember 2011.

⁴⁶ Viðtal við sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

⁴⁷ Viðtal við kennara 11.nóvember 2011.

⁴⁸ Lög um leikskóla nr. 90/2008,14.gr.2. mgr.

⁴⁹ Ársáætlun Árbæjar, 2010-2011.

⁵⁰ Viðtal við leikskólastjóra 10.nóvember 2011.

Foreldraráð leikskólans á að gefa umsögn um ársáætlun en það hefur ekki verið gert á þessu ári.⁵¹ Deildarstjórar taka þátt í undirbúningsvinnu vegna ársáætlunar.⁵²

3.4. Mat úttektaraðila

- Nýr leikskólastjóri tók til starfa fyrir tæpu ári. Gott samstarf er milli hans og fræðslustjóra Árborgar, sem jafnframt er nýr í starfi. Mikill metnaður er hjá báðum aðilum að útbúa nýja skólastefnu fyrir sveitarfélagið og efla leikskólastarfið.
- Mikil ánægja er með nýjan leikskólastjóra, bæði meðal starfsmanna, foreldra, barna og sveitarfélagsins. Hann er mjög sýnilegur inn á deildum.
- Skortur er á skriflegum gögnum um leikskólann. Starfsmannahandbók er ekki til en gæðahandbók um ýmis mál er í endurskoðun. Lagt er til að starfsmannahandbók verði útbúin með skýrum leiðbeiningum um starfið, hugmyndafræðina, helstu verkferla, innra mat, eyðublöð ofl.
- Ekki liggur fyrir mat á stjórnun leikskólans. Lagt er til að sveitarfélagið kanni reglulega ánægju með stjórnun leikskólans.
- Auka má aðkomu starfsfólks og barna að ákvarðanatöku innan leikskólans. Leikskólastjóri ber flesta hluti undir starfsmenn, en það má gera þetta á formlegri hátt, þannig að starfsmenn upplifi sig sem þátttakendur. Mikilvægt er að stjórnendur fái aukinn tíma til faglegrar umræðu með starfsfólki. Lagt er til að starfsfólk ræði mögulegar leiðir að frekari aðkomu barna að ákvarðanatöku.
- Úttektaraðilar hvetja til að farið sé betur yfir starfslýsingar og verkaskiptingu með starfsfólki.
- Starfsáætlun/ársskýrsla leikskólans er ágæt, en það má skýra betur verkefni ársins, markmið, leiðir, ábyrgð, tímalengd ofl. Einnig þarf foreldraráð að gefa umsögn um ársáætlun, en það hefur ekki verið gert.

4. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

4.1. Starfsandi

Í ágúst 2010 settu starfsmenn sér markmið varðandi starfsanda og skólabrag. Unnið var út frá miðlunaraðferðinni og voru niðurstöður þær að starfsmenn vilja að starfsandinn í Árbæ einkennist af: jákvæðni, hjálpsemi, sveigjanleika, húnor, gleði, að starfsfólk hlakki

⁵¹ Rýnihópur foreldra, 11.nóvember 2011.

⁵² Rýnihópur deildarstjóra, 10.nóvember 2011.

til að mæta í vinnuna, að starfsfólk styðji hvert annað – stuðningi, samvinnu, gaman saman utan og innan vinnustaðarins, virðing fyrir öllum.⁵³

Í viðtölum kemur fram að almenn ánægja er með þann starfsanda sem ríkir á leikskólanum og benda allir viðmælendur á að samskipti við leikskólastjórann séu mjög góð. „Fólki líður vel í vinnunni og það kemur svolítið frá leikskólastjóranum. Manni finnst maður vera jafningi hennar þó að hún sé yfirmaður“⁵⁴ Leikskólastjórinn leggur áherslu á að vera sýnileg inni á deildum og aðgengileg fyrir starfsfólk ef á þarf að halda.⁵⁵ Á leikskólanum er starfandi skemmtinefnd sem hefur það hlutverk að skipuleggja eitthvað skemmtilegt fyrir starfsmenn að meðaltali einu sinni í mánuði. Mikil þátttaka er hjá starfsfólki, farið er í gönguferðir, húsnæðið skreytt ofl.⁵⁶

Lögð er áhersla á trúnað við annað starfsfólk, börn og foreldra. „Ef eitthvað persónulegt er rætt þá fer það ekki út fyrir leikskólann“⁵⁷ Helstu áhersluþættirnir vegna samskipta í barnahópnum eru að mati leikskólastjóra félagsleg færni og að bera virðingu vinsemd og hjálpssemi gagnvart öðrum. Á eldri deildum er unnið með ART varðandi tilfinningastjórnun og á öllum deildum er lögð áhersla á dyggða og lífsleikninám. Fylgst er með starfsanda í innra mati á skólafarfinu og eru niðurstöður þess, styrkleikar, veikleikar og úrbótaáætlun kynnt í ársáætlun.⁵⁸ Foreldrar barna á leikskólanum upplifa jákvæðan starfsanda í samskiptum sínum við leikskólann. „Allir kátir og jákvæðir. Það er alltaf tekið á móti okkur með bros á vör og komið fram í hurð og tekið á móti barninu“⁵⁹

4.2. Skólaþróun

Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Þróunarstarf getur m.a. falist í skipulögðum verkefnum sem eiga að leiða til nýbreytni, þróunar og umbóta í leikskólafarfinu. Markmið þróunarverkefnis, tímaáætlun, skipulag og leiðir þurfa að liggja fyrir áður en það hefst. Meta þarf árangur þess, hvort og hvernig markmið náðust og miðla reynslunni með öðrum sem að leikskólafarfi koma⁶⁰

Á skólaárinu 2010-2011 var unnið að þróunarverkefninu: *Skapar skólabragur velferð barna*. Við markmiðasetningu verkefnisins var stuðst við *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*, *Uppeldisbókina* að byggja upp færni til framtíðar og *Heilsustefnuna*. Verkefnið

⁵³ Viðtal við leikskólastjóra 10.nóvember 2011.

⁵⁴ Rýnihópur kennara 11.nóvember 2011.

⁵⁵ Viðtal við leikskólastjóra 10.nóvember 2011.

⁵⁶ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

⁵⁷ Rýnihópur deildarstjóra 10.nóvember 2011.

⁵⁸ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

⁵⁹ Rýnihópur foreldra, 11.nóvember 2011.

⁶⁰ Aðalnámskrá leikskóla 2011:34

er Starfsendarannsókn (e. Practitioner research; action research; teacher research) og lögð var áhersla á að starfsfólk skoðaði leik barnanna og byggði þannig upp skilning á þörfum þeirra.⁶¹ Markmiðið var að breyta starfsaðferðum, rjúfa einangrun starfsmanna, bæta þekkingu þeirra og tengja fræðin við starfið. Starfsmenn skoðuðu eigin kennsluáðferðir og vinnulag með það að markmiði að bæta sig í starfi, prófa eitthvað nýtt til að skilja og leysa vandamál og meta áfanga verkefnisins jafnhliða. Matið var jafningjamat, sjálfsmat og ígrundun.⁶²

Unnið var út frá viðmiðum heilsustefnunnar og lögð var áhersla á skólabrag leikskólans. Í skýrslu verkefnisins kemur fram að helsti ávinningur af verkefninu hafi í raun verið verkefnið sjálft en starfsfólki gafst tækifæri til að setjast niður og skoða myndbandsupptökur af leik barnanna, ræða um starfið, skoða eigin starfsaðferðir og byggja upp skilning á þörfum barnanna. Partur af þróunarverkefninu var að hlusta á börnin með virkri hlustun og hefur það skilað sér í meiri vöknun meðal starfsmanna og auknum áhrifum barnanna. Ef verkefni gengur ekki upp og þeim leiðist breytum við því. Starfsmenn hafa áhrif á hvernig verkefnið þróast og stýra einstökum verkefnum. Á eldri deildunum hafa starfsmenn meiri áhrif og þar eru börnin oft spurð hvað þau langi að gera fremur en að starfsmaður velji fyrir þau.⁶³

Fram kemur í mati á áhrifum verkefnisins á skólastarfið í heild að með því að skoða markvisst eigin starfsaðferðir, samskipti og leik barna með velferð barna að leiðarljósi með myndbandsupptökum þá ýti það undir fagmennsku í starfi með börnum og hafi jákvæð áhrif á skólabraginn og skólastarfið í heild. Helstu hindranir voru tímaskortur. Verkefnið hefur verið kynnt fyrir leikskólastjórum á Suðurlandi, á síðasta aðalfundi Heilsusamtakanna og einnig hafa leikskólar heimsótt Árbæ. Lokaskýrslu verkefnisins er að finna á heimasíðu Árbæjar. Fram kemur í viðtölum við skólastjórnendur að vilji sé til að dýpka starfið frekar með verkefninu og skoða betur áhrifin sem það hafði á starfið. Ekki stendur til að fara að svo stöddu í innleiðingu á öðru þróunarverkefni.⁶⁴

4.3. Einelti

Í leikskólanum er til staðar eineltisáætlun annars vegar fyrir starfsmenn og hins vegar fyrir börnin. Í eineltisáætlun fyrir starfsmenn eru hugtökin einelti og áreiti skilgreind, listaðar eru upp birtingarmyndir eineltis, hvaða ferli fer í gang þegar kvörtun starfsmanns

⁶¹ Skapar skólabragur velferð barna. Hafþór Guðjónsson. 2009, bls.3.

⁶² Skapar skólabragur velferð barna. Þróunarverkefni á leikskólanum Árbæ 2010-2011, bls.3.

⁶³ Rýnihópur deildarstjóra 10.nóvember 2011.

⁶⁴ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 11.nóvember 2011.

um einelti berst og viðbragðsáætlun við einelti.⁶⁵ Eineltisáætlun Árbæjar vegna barna skilgreinir einnig hugtökin einelti og áreiti. Einnig eru tekin dæmi um forvarnir gegn einelti í leikskólum, hvað allir einstaklingar geta gert til þess að draga úr einelti ásamt því að fjallað er um þau tvö stig sem eineltismál fara í gegnum eftir að vitneskja um þau berst en þau eru könnunarstig og framkvæmdastig.⁶⁶

Leikskólastjóri og deildarstjórar hafa kynnt sér eineltisáætlunina en að mati deildarstjóra hefur hún ekki verið kynnt öðrum starfsmönnum á starfsmannafundum.⁶⁷ Aðrir starfsmenn leikskólans hafa ekki haft vitneskju um að það sé til eineltisáætlun á leikskólanum og þar af leiðandi þekkja þeir ekki innihald hennar. Ekki hefur komið upp nýtt tilfelli vegna eineltis frá því að eineltisáætlunin gekk í gildi en fram kemur í viðtölum að áður en nýr leikskólastjóri tók við hafi komið upp eineltismál sem enn eigi eftir að klára úrlausn á.⁶⁸

4.4. Mat úttektaraðila

- Góður starfsandi er ríkjandi á leikskólanum og hafa starfsmenn sett sér markmið varðandi starfsanda og skólabrag.
- Þróunarverkefnið “Skapar skólabragur velferð barna” vakti starfsfólk til umhugsunar um skólabraginn og þau urðu meðvitaðri um starfið og samskiptin. Þekking starfsmanna jókst að þeirra mati og framfarir jukust.
- Kynna þarf betur eineltisáætlun fyrir starfsfólki og foreldrum og klára eineltismál sem starfsmenn telja að eigi eftir að finna úrlausn á innan leikskólans.

⁶⁵ Eineltisáætlun Árbæjar - fyrir starfsfólk.

⁶⁶ Eineltisáætlun Árbæjar - fyrir börn.

⁶⁷ Viðtal við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og rýnihópur deildarstjóra, 10.nóvember 2011.

⁶⁸ Rýnihópur kennara og starfsmanna, 11.nóvember 2011.

5. MANNAUÐUR

5.1 Starfsfólk

Sveitarstjórn eða annar rekstaraðili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Ákvörðunin skal byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna.⁶⁹

Alls starfa 33 starfsmenn á leikskólanum, 10 leikskólakennarar, þar með talinn leikskólastjóri, 17 ófaglærðir starfsmenn, einn leikskólaliði og fimm með aðra menntun. Enginn karlmaður starfar á leikskólanum. Meðal starfsaldur starfsmanna er rúm 4 ár. Á árinu 2011 hófu 8 starfsmenn störf á leikskólanum, á árunum 2007 – 2010 hófu 8 starfsmenn störf, á árunum 2000 – 2006 hófu 16 starfsmenn störf. Einn starfsmaður er með 16 ára starfsaldur.⁷⁰

5.2. Starfsþjálfun og símenntun

Móttökuáætlun vegna nýrra starfsmanna liggur fyrir. Að mati leikskólastjóra er verið að bæta móttöku og faglegan stuðning nýrra og ófaglærðra starfsmanna.⁷¹ Deildarstjórar segjast hafa séð móttökuáætlunina og verið að vinna eftir henni þegar tími gefst. Tímaskortur hafi hinsvegar háð því hún sé notuð eins og á að gera.⁷² Kennarar eru sáttir við móttökuferlið, en hefðu viljað bæta við eineltisáætluninni og kynning á réttarstöðu starfsmanna. Starfsmönnum er gerð grein fyrir uppeldisstefnunni, en það hefði mátt gefa sér lengri tíma í þjálfun.⁷³ Starfsmenn í rýnihópi voru ekki sáttir við þjálfun nýrra starfsmanna, þeir voru að vísu allir með yfir þriggja ára starfsaldur. Við fengum enga kennslu, *“okkur var hent út í djúpu laugina, fengum að sjá deildirnar og svo þurftum við að bjarga okkur”*. Að mati starfsmanna hefur ferlið lítið breyst þrátt fyrir móttökuáætlun, sem þeir hafa ekki séð að þeirra sögn. *“Þegar nýir starfsmenn koma vitum við ekki hvort þetta er nýr starfsmaður eða foreldri”*. *“Við fáum ekki mikla þjálfun, t.d. í heilsubókinni, lesum allt á hlaupum, í dag er verið að bæta eitthvað, við lærum með því að starfa á deildinni, fáum ekki formlega fræðslu”*.⁷⁴

Ekki liggur fyrir símenntunaráætlun í leikskólanum. Eftir niðurskurð hjá sveitarfélaginu liggur þetta hjá starfsfólkinu sjálfu.⁷⁵ Að mati starfsmanna er leikskólastjóri duglegur að

⁶⁹ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

⁷⁰ Gögn frá leikskólastjóra, 15.nóvember 2011.

⁷¹ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 11.nóvember 2011.

⁷² Rýnihópur deildarstjóra 10.nóvember 2011.

⁷³ Rýnihópur kennara, 10.nóvember 2011.

⁷⁴ Rýnihópur starfsmanna, 10.nóvember 2011.

⁷⁵ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 11.nóvember 2011.

hvetja þá að sækja námskeið og sendir þeim reglulega tillögur að fræðslu og þjálfun. Þeir óska hinsvegar eftir meiri fræðslu um innra starf leikskólans, stefnu hans o.fl.⁷⁶

5.3. Fundir og boðskipti

Haldnir eru tveir starfsmannafundir á ári og eru þeir á dagvinnutíma, fjórir tímar í senn. Deildarfundir eru einu sinni í mánuði, deildastjórafundir vikulega og skilaboðafundir eru á hverjum morgni þar sem einn starfsmaður af hverri deild mætir og tekur niður skilaboð dagsins, dyggð dagsins og góð orð. Skipulagsdagar eru tveir á ári. Fundargerðir fara á allar deildir að loknum fundum og starfsmenn kvitta fyrir að lestri loknum. Vegna fækkunar á fagfundum og starfsmannafundum telja starfsmenn að þeir komi minna að faglegu starfi en áður.⁷⁷

Margir starfsmenn og kennarar hafa ekki farið í starfsmannasamtal síðustu tvö árin⁷⁸ en að sögn leikskólastjóra er markmiðið að hann taki samtal við alla starfsmenn.⁷⁹

5.4. Jafnrétti

Jafnréttisstefna sveitarfélagsins liggur fyrir, hún var útbúin árið 2006 og markmiðið er að endurgera hana og eineltisáætlun sveitarfélagsins á næsta ári undir handleiðslu sálfræðings.⁸⁰ Árbær er ekki með eigin jafnréttisstefnu. Í leikskólanum starfa einungis konur. Að sögn leikskólastjóra ríkir jafnrétti á milli stjórnenda og starfsmanna. Mikil áhersla er lögð á að allir starfsmenn taki þátt, t.d. var stuðlað að því að allir starfsmenn færu saman í námsferð til London í vetur. Að sögn starfsmanna er ekki stéttarskipting milli almennra starfsmanna og stjórnenda inn á deildum. Þeir hafa ekki séð jafnréttisáætlun "*hér gildir jafnrétti, fáum að vera virk í þátttöku*".⁸¹

5.5. Mat úttektaraðila

- 30% starfsmanna eru fagmenntaðir leikskólakennarar. Sveitarfélagið og leikskólinn er hvattur til að fjölga fagmenntuðum leikskólakennurum.
- Tryggja þarf tíma með nýju fólki, þannig að þau fái góða þjálfun í stefnu leikskólans og starfsháttum. Kynna þarf betur allar áætlanir, verkferla, samstarf milli deilda ofl.fyrir nýju starfsfólki. Starfsfólk fær of lítinn tíma til þess að læra á

⁷⁶ Rýnihópur starfsmanna, 10.nóvember 2011.

⁷⁷ Rýnihópur kennara og starfsmanna 11.nóvember 2011.

⁷⁸ Rýnihópur kennara og starfsmanna 10.og11.nóvember 2011.

⁷⁹ Viðtal við leikskólastjóra 10.nóvember 2011.

⁸⁰ Viðtal við fræðslustjóra, formann fræðsluráðs og sérkennslufulltrúa 11.nóvember 2011

⁸¹ Rýnihópur starfsmanna 11.nóvember 2011.

starfið á leikskólanum og skortur er á formlegri fræðslu. Kynningu á nýju starfsfólki er ábótavant, bæði gagnvart foreldrum og öðru starfsfólki.

- Sveitarfélagið er hvatt til þess að endurskoða stefnu sína í símenntun starfsmanna. Símenntunaráætlun liggur ekki fyrir í leikskólanum. Leikskólastjóri þarf að útbúa áætlun í fræðslumálum og greina þarfir, t.d. í starfsmannasamtölum. Leikskólastjóri er duglegur að hvetja starfsmenn að sækja almenn námskeið, en það er ekki stefnumiðað.
- Sveitarfélagið er hvatt til þess að skoða möguleika á að fjölga starfsmanna-fundum eða auka fagfundi með starfsfólki, þannig að þeir fái tækifæri á að ræða um fagstarfið. Tryggja þarf að allir starfsmenn geti tekið þátt í starfsmannafundum.
- Leikskólastjóri þarf að taka starfsmannasamtöl við alla starfsmenn.
- Mikilvægt er að endurskoða jafnréttisáætlun sveitarfélagsins, en hún er frá 2006. Kynna þarf jafnréttisáætlun betur fyrir starfsmönnum.

6. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. 82 Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati. Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið. 83.

6.1. Skólanámskrár leikskólans og tengsl við aðalnámskrá

Skólanámskrá Árbæjar var fyrst gefin út árið 1999 og síðast endurútgefin árið 2006. Við gerð skólanámsskrár Árbæjar var stuðst við Aðalnámskrá leikskóla og lög um leikskóla. Skólanámskráin mótast af þeirri hugmyndafræði, stefnu og áherslum sem leikskólinn hefur sett sér í faglega starfinu og þeim aðstæðum sem hann býr við. Almennar upplýsingar um leikskólann og rekstraraðila er að finna í skólanámskránni ásamt upplýsingum um daglegt líf, starfsmannastefnu, húsnæði og leiksvæði, sérkennslu, námsvið, sérstakar námsskrár, samstarf heimila og leikskóla, mat á leikskólastarfinu og

⁸² Lög um leikskóla nr.90/2008

⁸³ Aðalnámskrá leikskóla 2011:34

almennar upplýsingar til foreldra. Greinagóða lýsingu er að finna í skólanámskránni á öllum ofantöldum þáttum.⁸⁴

Skólanámskrá er aðgengileg í handbókum inni á deildum og skv. leikskólastjóra á heimasíðu leikskólans.⁸⁵

6.2. Tengsl skólanámskrár leikskólans og stefnu sveitarfélagsins

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla og eiga sveitarfélög að bera ábyrgð á heildarskipan skólahlads í leikskólum sveitarfélags og setja almenna stefnu um leikskólahlald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.⁸⁶

Leiksskólastefna sveitarfélagsins og skólanámskrá leikskólans voru síðast endurskoðaðar og endurútgefnar árið 2006. Á vegum sveitarfélagsins er verið að skipa undirbúningshóp sem á að leggja drög að endurskoðun á skólastefnu sveitarfélagsins og aðlaga að breyttum áherslum.⁸⁷

Í leikskólastefnu Árborgar er kveðið á um vinnuumhverfi og aðbúnað, faglegt starf leikskóla, mat á leikskólastarfi, þróunarverkefni og faglega þróun. Einnig er fjallað um áherslur á menntun starfsfólks, þjónustustig, samstarf milli heimila og skóla og hagsmunaaðila. Fram kemur í skólastefnu sveitarfélagsins að hún skuli tekin til endurskoðunar á þriggja ára fresti. Skólastefnan var samþykkt í bæjarráði 23. mars 2006.⁸⁸

Að mati fulltrúa sveitarfélagsins og leikskólastjórnenda eru tengsl milli helstu áherslupátta sveitarfélagsins og leikskólans. Leikskólar Árborgar eru fylltir og farið er eftir ákveðnum innritunarreglum til að tryggja jafnræði.⁸⁹

6.3. Sérstakar námsskrár og sérstaða skólans

Námsskrár geta verið mismunandi eftir því hvort gera á grein fyrir starfinu í heild eða einstökum þáttum þess. Leikskóli getur því einnig sett sér námsskrár sem fjalla um afmarkaða þætti í leikskólastarfinu og skal kynna þær á sama hátt og skólanámskrána.⁹⁰

Árbær er einn af ellefu heilsuleikskólum á Íslandi og starfar eftir heilsustefnunni sem hefur það að markmiði að stuðla að heilsuefingu leikskólasamfélagsins með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Heilsubók barnsins fylgir hverju barni í gegnum

⁸⁴ Skólanámskrá Árbæjar, 2006.

⁸⁵ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

⁸⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008.4.gr. 1.mgr

⁸⁷ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

⁸⁸ Skólastefna Árborgar 2006.

⁸⁹ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

⁹⁰ Aðalnámsskrá leikskóla 1999:37.

leikskóladvöl þess í Árbæ en hún er grunnur heilsustefnunnar og gæðamatskvarði. Í henni eru skráðar upplýsingar um stöðu barnsins hverju sinni og hefur hún að geyma miklar upplýsingar um stöðu, getu og færni barnsins. Áherslupættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð næring, mikil hreyfing og listsköpum skulu ávallt í hávegum höfð.⁹¹

Í Árbæ er unnið að dyggðakennslu eða líflekni námi barna og birtist það í stefnu skólans og öllu starfi hans. Kennslan felur í sér viðleitni til að dýpka skilning barnsins á sjálfu sér. Lífsleikni er eflað með því að örva tilfinningaleikni barnanna í gegnum dagleg samskipti og á skipulagðan hátt. Markmiðið er að gera börnin hæfari í samskiptum með því að efla sjálfstraust þeirra og virðingu og leiðbeina þeim að fara eftir reglum samfélagsins.⁹²

Leikskólinn hefur á árinu 2010-2011 innleitt þróunarverkefnið “*Skapar skólabragur velferð barna*” og er lokaskýrsla verkefnisins aðgengileg á netinu. Meginmarkmið verkefnisins var að stuðla að heilbrigði og velferð barna. Helstu áhrif verkefnisins á skólastarfið eru metin þau að það hafi ýtt undir fagmennsku og haft jákvæð áhrif á skólabraginn og skólastarfið í heild.⁹³

Árið 2010 var gefin út Dagbók leikskólans. Þar er dagskrá leikskólans og helstu áherslur flokkaðar niður eftir mánuðum og í lok hvers mánaðar eru kostir og gallar þeirra metnir og óskað eftir nýjum tillögum.

Árbær er einn af 15 leikskólum á Suðurlandi sem hefur innleitt í starfi sínu ART (*Aggression Replacement Training*)⁹⁴ – færniþjálfun með eldri árgöngum leikskólans. Stefnit er að því að kynna ART fyrir öllu starfsfólki leikskólans og aðlaga efnið að þörfum barna í yngri árgöngum. “*Þetta er verkfæri fyrir starfsmenn til að nota í vinnu sinni. Viljum að ARTið verði okkur tamt. Þörfin fyrir að færa ART niður til yngri árganga er að okkur finnst ekki veita af því og að kennari kunnir að bregðast við og börn nái t.d. að temja reiði fyrir en á elsta stigi*”⁹⁵ ART færniþjálfun getur hjálpað börnum að læra leiðir til að eiga samskipti á þann hátt sem virkar fyrir þau bæði við fullorðna og jafnaldra. Í viðtölum við

⁹¹ Tekið af heimasíðu Heilsuleikskóla, http://heilsustefnan.skolar.is/Saga_heilsuleikskola/

⁹² Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

⁹³ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

⁹⁴ Sótt af heimasíðu ART á Suðurlandi 22.nóvember 2011. <http://www.isart.is/um-art/>

⁹⁵ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

fulltrúa sveitarfélagsins kemur fram að ART teymi starfi á vegum þess sem styður við og þjálfar starfsfólk við að beita aðferðinni.⁹⁶

Leikskólinn hefur einnig það að markmiði sínu að kennarar noti markvisst tákni með tali TMT í kennslu með börnunum. Deildarstjórar útfæra nánar hvernig unnið er með tákni á deildunum en lögð er áhersla á að hvert barn og hver kennari eigi sitt tákni. Einnig vinnur leikskólinn með uppeldisaðferðina Töfrar 1 2 3 en hver deild hefur úrdrátt úr bókinni og ber deildarstjóri ábyrgð á að starfsmenn kynni sér hann og ber jafnframt ábyrgð á því að þessari aðferð sé rétt beitt.⁹⁷

6.4. Þátttaka og áhrif

Skólanámskrá leikskóla á að taka mið af áhuga barna og sjónarmiðum og skal unnin í samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks, barna og foreldra. Með þátttöku og samræðum þessara aðila mótast helstu áherslur og viðmið í starfi leikskóla. Skólanámskráin er því eins konar sáttmáli um hvaða leiðir hver leikskóli ætlar að fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku innan leikskólans.⁹⁸

Í viðtölum við leikskólastjóra kemur fram að skólanámskráin sé orðin gömul og að hafi sé vinna innan leikskólans við að endurskoða hana og aðlaga að breyttum áherslum og nýrri Aðalnámskrá leikskóla. “Búið er að opna kafla um leiðarljósin, grunnþættina og hugmyndafræði leikskólans.”⁹⁹ Ákveðið hefur verið að taka tiltekna áhersluþætti hennar fyrir á næsta starfsmannafundi. Leikskólastjóri hefur ekki sett sér markmið með hvenær endurskoðun skólanámskrár og aðlögun að nýrri Aðalnámskrá leikskóla verði að fullu lokið en reikna með að klára það á næstu þremur árum.¹⁰⁰

Í viðtölum við deildarstjóra kemur fram að allir starfsmenn hafi upphaflega komið að gerð skólanámskrár og þeir hafi einnig tekið þátt í endurskoðun á henni árið 2006. Þar sem endurskoðun skólanámskrár er nýhafin þá hafa enn sem komið er eingöngu skólastjórnendur og deildarstjórar komið að þeirri vinnu „Við erum ekki að fara að gera skólanámskránnu upp á nýtt heldur aðlaga hana að nýrri Aðalnámskrá leikskóla. Við eigum eftir að skoða hvort hugmyndafræði leikskólans fái næga umfjöllun og uppfæra hagnýtar upplýsingar t.d. varðandi húsnæði og fl.“¹⁰¹

⁹⁶ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

⁹⁷ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

⁹⁸ Aðalnámskrá leikskóla 2011:34

⁹⁹ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

¹⁰⁰ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

¹⁰¹ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

Í viðtölum við starfsmenn kemur fram að þeir þekki ekki skólanámskrá leikskólans nægilega vel eða innihaldið „Við höfum ekki fengið kynningu á henni og heyrðum fyrst í gær að það ætti að fara í endurmat á henni. Við erum ekki viss um hvort við eigum eftir að vera þátttakendur að því þar sem starfsmannafundir eru orðnir svo fáir, það er enginn tími lengur í svona vinnu í leikskólanum. Reynsla okkar af stærri ákvarðanatökum er að þá höfum við ekki verið teknar með þar sem við erum ófaglærðar. Höfum ekki ákvarðanatökurétt“.¹⁰² Ekki liggur fyrir hvernig börnin eiga að koma að endurskoðun stefnunnar.¹⁰³

Í viðtölum við leikskólastjórnendur kemur fram að stefnt sé að þátttöku foreldra í endurmati á skólanámskránni.¹⁰⁴ Foreldrar taka undir með að hafa ekki tekið þátt í endurmatinu en telja það áhugavert. „Vitum ekki hvaða leiðir við höfum til að koma að þessari vinnu“.¹⁰⁵

6.5. Tengsl skólastiga

Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.106

Ekki koma fram upplýsingar í skólanámskránni um tengsl leikskólans við aðra skóla eða stofnanir í nærsamfélaginu.¹⁰⁷

Leikskólinn er í samstarfi við Vallaskóla og Sunnulækjarskóla og fara leikskólabörnin í skólaheimsóknir á vorin eftir því í hvorn skólann þau munu ganga. Að auki hafa þau farið í heimsókn í skólavistina. Sunnulækur býður foreldrum leikskólabarnanna með í fyrstu heimsóknina en starfsmenn fylgja þeim svo í tvær heimsóknir í bekkinn sinn og í skólavistina. Starfsmenn leikskólans fylgja þeim börnum sem stunda eiga nám í Vallaskóla í þeirra skólaheimsókn og í skólavistina honum tengdum. Formlegir skilafundir vegna sérkennslubarna eru haldnir með báðum skólunum og Árbæ áður en skólaganga hefst „það fylgir skilablað öllum börnum til grunnskóla og er ánægja með þetta. Kennarar fá meiri upplýsingar og foreldrar kvitta undir og staðfesta“¹⁰⁸

¹⁰² Viðtal við kennara og starfsmenn, 11.nóvember 2011.

¹⁰³ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

¹⁰⁴ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

¹⁰⁵ Rýnihópur foreldra, 11.nóvember 2011.

¹⁰⁶ Lög nr. 90/2008 um leikskóla, 16. gr.

¹⁰⁷ Skólanámskrá Árbæjar, 2006.

¹⁰⁸ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

6.6. Mat úttektaraðila

- Mikilvægt er að skólanámskrá og skólastefna séu endurskoðaðar sem fyrst þar sem endurskoðun fór síðast fram árið 2006. Allir hagsmunaaðilar þurfa að koma að þeirri vinnu.
- Skólanámskrá er ekki aðgengileg á heimasíðu vegna vandamála með heimasíðu. Mikilvægt er að kynna hana öllum er málið varðar.
- Að mati úttektaraðila er stefna Árborgar um að fylla leikskóla sveitarfélagsins og fara eftir innritunarreglum sem tryggja jafnræði mikilvæg.
- Auka má rýni á hugmyndafræði og stefnu leikskólans við gerð nýrrar skólanámskrár meðal starfsfólks.
- Leikskólinn hefur innleitt mörg verkefni og sérstakar námskrár með góðum árangri.
- Stefna leikskólans samræmist ákvæðum aðalnámskrár en aðlaga þarf hana að breytingum í nýrri aðalnámskrá.
- Starfsmönnum hefur ekki verið kynnt innihald skólanámskrár. Kynna þarf betur með formlegum hætti fyrir starfsfólki innihald hennar.
- Ekki koma fram upplýsingar í skólanámskránni um tengsl leikskólans við aðra skóla eða stofnanir í nærsamfélaginu. Gott samstarf er á milli Árbæjar og grunnskóla.

7. LEIÐARLJÓS, GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG NÁMSVIÐ LEIKSKÓLA.

Í aðalnámskrá er settir fram grunnþættir menntunar sem eiga að vera leiðarljós við námskráargerð. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.¹⁰⁹ Námsvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi sköpun og menning. 28

Á leikskólanum er hafin vinna við að kynna sér nýja Aðalnámskrá leikskóla og aðlaga starf leikskólans og áherslur að henni. „Við erum að byrja að lesa hana, okkur finnst margt sem erfitt er að skilja, hugtök mjög opin,“¹¹⁰

¹⁰⁹ Aðalnámskrá leikskóla 2011.:9.

¹¹⁰ Rýnihópur kennara 10.nóvember 2011.

7.1. Leiðarljós leikskóla

Eftirfarandi leiðarljós eiga að vísa leikskólum veginn í mótun skólastarfs. Starfsfólk leikskóla, í samráði við foreldra og börn, þarf að koma sér saman um hvernig starfs leikskólans tekur mið af leiðarljósunum og skrá aðferðir og leiðir í skólanámskrá leikskólans.²³

Leiðarljós Árbæjar liggja fyrir (sjá viðauka 2) og er ætlunin að taka þau fyrir á næsta starfsmannafundi með öllum starfsmönnum að sögn leikskólastjóra. “Við erum ekki að fara að kollvarpa okkar leiðarljósum heldur mun vinna við þau fara fram samhliða aðlögun skólanámskrár að nýrri Aðalnámskrá leikskóla¹¹¹“

Að mati leikskólastjórnenda verður lögð áhersla á að fá allt starfsfólk, foreldra og börn að því að endurskoða leiðarljós leikskólans en ekki kemur fram hvernig foreldrar og börn eiga að koma að þessari vinnu.

7.2. Grunnþættir menntunar og samþætting við skólastarfið

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námsviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. 10

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum endurspeglast vel í starfsháttum leikskólans, samskiptum og skólabrag að mati leikskólastjóra. Þeir eru sýnilegir í skólastarfinu öllu. Stefna leikskólans og hugmyndafræði byggist m.a. á lífsviðhorfi, gildismati, þekkingu og reynslu kennara hans sem og kenningum sem settar hafa verið fram af fræðimönnum og rannsóknum sem gerðar hafa verið á leikskólastarfi.¹¹² Hugmyndafræði leikskólans byggist fyrst og fremst á Heilsustefnunni, kenningum Howard Gardner og kenningum Daniel Coleman.¹¹³

Ekki fer fram formleg skráning á öllum grunnþáttunum, nema sem snýr að heilsu barnanna og líðan.¹¹⁴

¹¹¹ Viðtal við deildarstjóra 10.nóvember 2011.

¹¹² Skólanámskrá Árbæjar 2006, bls. 6-9.

¹¹³ Greinargerð leikskólastjóra 17.nóvember 2011.

¹¹⁴ Viðtal við leikskólastjóra 11.nóvember 2011.

7.3.Námssvið

Námssvið geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólstarfs þvert á námsgreinar og skólastig. 10 Námssvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi sköpun og menning. 28

7.3.1.Læsi og samskipti

Málörvunin tengist öllu leikskólastarfinu. Kennarar nota opnar spurningar og hvetja börnin til að segja frá sínum upplifunum og reynslu s.s. við matarborðið, í samverustundum, í fataklefanum og við aðrar daglegar athafnir. Markmiðið er að efla málþroska, byggja upp máltilfinningu, að málörvun tengist öllum uppeldisþáttum og að stuðla að jákvæðu og gefandi málumhverfi. Ritmál er haft sýnilegt, leiksvæðin merkt í hæð barnanna og táknin notuð með. Farið er í hrylleiki, sungin fjölbreytt lög og farið með þulur og romsur. Börnin segja frá eigin reynslu eða segja sögur. Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin og bókasafnið er heimsótt reglulega. Á hverri deild er bangsi sem börnin skiptast á að fara með heim um helgar. Honum fylgir bók sem foreldrar skrifa í og börnin teikna. Hljóm – 2 er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund fimm ára barna í leikskólum. Tákn með tali er notað á leikskólanum. Markmiðið er að veita öllum börnum tækifæri til tjáningar burtséð frá getu þeirra til að tjá sig á talaðri íslensku. Þetta er gert t.d. með því að hafa myndir sem sýna táknin á deildunum og starfsfólkið er þjálfað í aðferðinni.¹¹⁵

Tölvur eru inni á elstu deildum leikskólans þar sem börnin fá tækifæri til þess að efla færni sína í notkun þeirra og skilja að hægt er að nýta þær m.a. til þess að afla upplýsinga og setja hugmyndir sínar fram á veraldarvefnum.

Börnunum gefst tækifæri til þess að hlusta á sögur, segja sögur frá eigin brjósti, segja frá liðnum atburðum, hlusta á ævintýri og upplifa ævintýri, hlusta á og læra þulur og þróa þannig læsi með því að efla hljóðkerfisvitund sína og málvitund.¹¹⁶

Lífsleikni birtist í öllu starfi og stefnu leikskólans og felur í sér viðleitni til að dýpka skilning barnsins á sjálfu sér.¹¹⁷ Lífsleikni barna er eflað með því að örva tilfinningaleikni þeirra í gegnum dagleg samskipti og á skipulagðan hátt. Stuðst er við ýmis gögn í lífsleikni og boðið er upp á ákveðið námsefni m.a. ART og dyggðakennslu. Lögð er áhersla á að hafa einfaldar reglur í leikskólastarfinu, hvatt er til útiveru og vettvangsferða

¹¹⁵ Skólanámskrá Árbæjar 2006, bls. 16.

¹¹⁶ Greinargerð leikskólastjóra 17.nóvember 2011.

¹¹⁷ Skólanámskrá Árbæjar 2006, bls. 10-11.

til að skoða náttúruna og njóta hennar. Stuðst er við námsefnið Stig af stigi og það notað í hópstarfi.

Rauður þráður okkar í samskiptum er að tala og koma hugsunum barna í form, ekki garga, heldur tala. Sum byrja bara að gráta, en við reynum að beita ART aðferðinni og fá þau til að tjá sig á annan hátt. Viðurkenna reiði og hvernig á að vinna úr því. Verkefnið okkar um skólabrag hafði áhrif á þetta.¹¹⁸

7.3.2. Heilbrigði og vellíðan

Lögð er áhersla á að börnin fái faglega umönnun, þar sem umönnun, umhyggja og vellíðan barnsins er í fyrirrúmi í leikskólanum Árbæ.¹¹⁹

Í Árbæ er lögð áhersla á að öll börn fái tækifæri og góð skilyrði til vel skipulagðrar og fjölbreyttrar hreyfingar jafnt úti sem inni. Markmið með hreyfingu liggur fyrir í leikskólanum. Börnin fá skipulagða hreyfistund einu sinni í viku í sal eða á útisvæði, áhersla er lögð á fjölbreyttar leikfimisæfingar til að efla grófhreyfingar, hlaupaleiki til þrekþjálfunar, hreyfileiki þar sem börnin skynja umhverfi sitt, slökun með rólegri tónlist, færni í samskiptum, tillitssemi og heiti líkamshluta. Þá er farið í gönguferðir um nágrennið til hreyfiþjálfunar. Heilsubók barnsins er einstaklingsnámskrá þar sem geta, framfarir, hæð og þyngd er skráð tvisvar á ári og lögð er áhersla á að starfsfólk sýni gott fordæmi í orði og verki.¹²⁰ Líkamleg og andleg heilsa er hluti af heilsustefnunni. *“Að allir séu vakandi fyrir því hvernig okkur líður og hvernig okkur farnast. Að börnin fái að tjá sig.”*¹²¹

7.3.3. Sjálfbærni og vísindi

Að mati leikskólustjóra er mikilvægt að fræða börnin um sitt nánasta umhverfi og verndun þess, þekkja náttúruna, ferli hennar og fyrirbæri og upplifa hana af eigin raun. Helstu leiðir eru göngu- og vettvangsferðir, dagleg útivist, endurvinnsla, fylgjast með breytingum á árstíðum ofl. Fyrir nokkrum árum ræktuðu börnin kartöflur, gulrætur ofl. í leikskólanum, en því hefur ekki verið fylgt eftir á síðasta ári.¹²²

Í leikskólanum eru til ýmis áhöld svo sem stækkunargler, víðsjá, sjónauki ofl., en að sögn kennara og starfsmanna eru þau ekki mikið notuð. Við leggjum ekki mikla áherslu á

¹¹⁸ Rýnihópur kennara 10.nóvember 2011.

¹¹⁹ Skólanámskrá Árbæjar 2006, bls. 14.

¹²⁰ Skólanámskrá Árbæjar 2011, bls. 15-20.

¹²¹ Skólanámskrá Árbæjar 2011, bls. 15-20.

¹²² Rýnihópur kennara og starfsmanna, 11.nóvember 2011

vísindi, en meiri áhersla er lögð á sjálfbærni í daglegu starfi með börnunum, þó það sé ekki nægjanlega skráð eða markvisst.¹²³ Að sögn deildarstjóra eru starfsmenn stöðugt að kenna börnunum ákveðna sjálfbærni, t.d. að skammta matinn, flokka pappír, sýna nánasta umhverfi okkar virðingu og týna rusl. Einnig með því að minna börnin á trén sem fá ekki að vaxa þar sem klifrað er í þeim.¹²⁴

7.3.4. Sköpun og menning

Markmið leikskólans varðandi menningu og samfélag er að börnin kynnist íslenskum hefðum og hátíðum, þau fræðist um siði og venjur annarra þjóða og menningarlegir og félagsleg tækifæri nýtt sem umhverfi hans gefur kost á. Á þorranum er haldið þorrablot, haldið er upp á afmæli barnanna, vorhátíð er haldin, útskrift og útskriftarferð elstu barnanna. Einnig er haldið upp á sérstaka daga, s.s. Bolludag, sprengidag, öskudag, Dag íslenskrar tungu ofl.¹²⁵

Leikskólinn vill veita börnunum tækifæri á að tjá sig í myndum og margs konar mótanlegum efnum. Þetta er gert með því að veita börnunum sem fjölbreyttust tækifæri og handleiðslu til örvunar hugmyndaflugsins og til uppgötvunar á nýjum möguleikum í myndsköpun. Starfsmenn ræða við börnin um verk þeirra, stuðst er við verðlaust efni til myndsköpunar, þau fá samfelldan tíma til listsköpunar og í Heilsubókinni er listsköpunin skráð tvisvar á ári.¹²⁶

Í skólanámskrá leikskólans er kafli um kennslustefnu Edgard Willems og tónlistarstefnu leikskólans, en í viðtölum við kennara og starfsmenn kom fram að henni væri ekki fylgt eftir í dag. Ýmis áhöld til tónlistarkennslu eru þó til í leikskólanum. Að sögn starfsmanna er þó hlustað á tónlist og mikið sungið.¹²⁷

Í leikskólanum eru 19 börn af erlendum uppruna. Þau koma frá 10 löndum utan Ísland. Flest þeirra eru af erlendum uppruna í báðar ættir. Ýmsilegt er gert í leikskólanum til að styðja við fjölmennningarlegt samfélag. Fáni landsins sem barnið er ættað frá er hafður uppi á vegg á deildinni. Í samverustundum er talað um uppruna barnanna, líka þeirra íslensku. Matarhefðir landanna kynntar. Börnin koma með bækur frá heimalandi sínu og tónlist. Á bókasafninu er hægt að fá barnabækur á erlendum tungumálum. Foreldrar upplýsa starfsfólk í foreldraviðtölum um siði og menningu sína. Myndir frá landi barnisins

¹²³ Rýnihópur starfsmanna og kennara, 10.nóvember 2011.

¹²⁴ Rýnihópur deildarstjóra 10.nóvember 2011.

¹²⁵ Skólanámskrá Árbæjar 2011, bls. 20.

¹²⁶ Greinargerð leikskólastjóra 15.nóvember 2011.

¹²⁷ Rýnihópur kennara og starfsmanna 11.nóvember 2011.

eru uppi á veggjum á deildunum og tungumál barnsins er haft sýnilegt. Stundum hafa verið haldnar kynningarvikur á landi barnsins.¹²⁸

7.4. Mat úttektaraðila

- Hafin er vinna við að kynna sér nýja aðalnámskrá þar sem leiðarljós leikskólans og grunnþættir verða aðlöguð að breyttum áherslum.
- Árbær uppfyllir kröfur aðalnámskrár um námssvið leikskóla.
- Fagleg umræða þarf að fara fram með starfsmönnum um grunnþætti menntunar, leiðarljósín og námssvið leikskóla til að dýpka skilning þeirra á þeim.
- Starfsmenn eru hvattir til að nýta betur áhöld til tónlistarkennslu sem eru til á leikskólanum.

8. ÚPPELDI OG UMÖNNUN

8.1. Börnin

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla segir að ákvörðun um fjölda barna skuli taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalatíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðihjónustu¹²⁹

| | Kotatún | Fosskot | Kringlumýri | Stekkjarlækur | Bátatjörn | Heiðarsund | Samtals |
|---------------------|-----------|-----------|-------------|---------------|-----------|------------|------------|
| Fjöldi barna | 20 | 18 | 20 | 20 | 22 | 22 | 122 |
| 2010 | 1 | | 3 | 2 | | | 6 |
| 2009 | 7 | 6 | 5 | 5 | | | 23 |
| 2008 | 12 | 12 | 5 | 5 | | | 34 |
| 2007 | | | 7 | 8 | 11 | 6 | 32 |
| 2006 | | | | | 11 | 16 | 27 |

| Dvalartími | 6 klst. | 7 klst. | 8 klst. | 8,5 klst. | 9 klst. | 9,5 klst. | Samtals |
|--------------|---------|---------|---------|-----------|---------|-----------|---------|
| Fjöldi barna | 13 | 13 | 47 | 38 | 8 | 4 | 123 |

Ákveðið ójafnvægi er innan deilda hvað varðar aldurskiptingu og hefur það skapað óánægju hjá foreldrum. Að sögn leikskólastjóra eru nokkrar skýringar á ójafnvæginu, m.a. fjölgun deilda og stækkun leikskólans og veikindi fyrrverandi leikskólastjóra. Árið

¹²⁸ Tölvupóstur frá leikskólastjóra 7. desember 2011.

¹²⁹ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

2010 var ákveðið að breyta aldurskiptingu á deildum þannig að 3 deildir séu yngri deildir og 3 eldri deildir þannig að barnið flytji eingöngu einu sinni á milli deilda. Ákveðið hefur verið að flytja ekki börn heldur láta deildirnar vaxa upp. Börn eru eingöngu flutt yfir á tvær elstu deildirnar þegar aldur þeirra leyfir. Í dag eru Stekkjarlækur og Kringlumýri með aldursdreifingu sem kallast systkinahópur. Að sögn leikskólastjóra verður aldurskiptingu innan deilda leikskólans komið í fyrirhugað form næsta haust. Þ.e það verða 3 deildir með yngri börnum og 3 deildir með eldri börnum.¹³⁰

8.1.1.Líðan barna

Lögð er áhersla á að fylgjast með líðan barna í Árbæ og er Heilsubókin m.a. nýtt til þess. *“Ef við verðum vör við breytta líðan hjá barni fer ákveðinn verkferill í gang. Við skoðum líka hvort það sé eitthvað breytt í leikskólanum og skráum það. Skráð er bæði að vori og hausti.”*¹³¹

Allir starfsmenn leikskólans taka undir með að heilsubókin sé þeirra matstæki á líðan barna ásamt daglegum samskiptum og eftirliti með börnunum. Verkferlar eru skýrir og starfsmenn eru meðvitaðir um leiðirnar. Þróunarverkefni leikskólans „*Skapar skólabragur velferð barna*“ hefur einnig stuðlað að aukinni vitund um samskipti og líðan en þar var m.a. skoðað hvort virðing, gleði, kærleikur og frelsi komi fyrir í leik og samskiptum barna og starfsfólks.¹³²

Börnin voru spurð út í líðan og svöruðu þau úttektaraðilum „*Mér líður bara vel. Stundum líður mér vont, líður svolítið ekki vel þegar einhver er að meiða mig. Stundum eru strákarnir hrekkjusvín, þeir meiða okkur allsstaðar. Mér líður ekki alltaf vel.*“ Þau voru ánægðust með að fá nýtt dót á leikskólann, fá að vera í tölvunni og að mála.¹³³ Leikskólinn hefur dregið ályktanir af niðurstöðum barna í innra mati á starfi leikskólans að líðan þeirra sé almennt góð, þau læri í gegnum leikinn að vinna saman og þeim líði vel í barnahópnum.¹³⁴

8.1.2.Lýðræði barna

Leikskólastjórnendur telja að starfsmenn leikskólans virki lýðræði barna í skólastarfinu, þeir elti áhuga barnanna og “grípi gæsina” ef tækifæri gefst. Það er ákveðin rammi sem

¹³⁰ Greinargerð leikskólastjóra 15.nóvember 2011.

¹³¹ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

¹³² Rýnihópur kennara og starfsmanna, 10.og 11.nóvember 2011.

¹³³ Rýnihópur barna, 11.nóvember 2011.

¹³⁴ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

sé festan í uppeldinu en þau geti haft áhrif innan hans.¹³⁵ Að mati starfsmanna hafa börnin helst aðkomu að lýðræðislegum ákvörðunum í gegnum valstundir, áhugahvöt og í útiveru. Það getur líka verið lýðræði í skipulagðri stund t.d. að velja bók saman og hvernig þau fara klædd út.¹³⁶ Aðkoma barna að innra mati leikskólans gefur upplýsingar um hvaða hugmyndir þau hafa á áhrif sín á leikskólastarfið að mati leikskólastjórnenda.¹³⁷ Að mati barna þá stjórna kennararnir á leikskólanum. „Við megum ráða að borða og setja á diskinn, við hvern við leikum. Ég má ráða allt heima, ræð engu í leikskólanum. Við höfum búið til reglur að leika saman. Það má ekki meiða og hrekkja það er regla. Það má ekki skilja út undan og það má ekki taka af. Mamma mín bjó reglurnar til. Við förum eftir reglunum.“¹³⁸

8.1.3. Jafnrétti barna

Leikskólinn stuðlar að jafnrétti og virkri þátttöku barna á leikskólanum með því að taka þeim eins og þau eru. Börnin koma inn á jafnréttisgrundvelli. Að mati leikskólastjóra er þetta aðalhlutverk leikskólans, þ.a. *“jafna rétt barna til uppeldis”*. *“Þetta er trú okkar og við pössum upp á þetta með því að ræða mikið um ýmsar leiðir “hvernig kem ég fram, hvaða áhrif hef ég”. Ef það er eitthvað sem fer úrskeiðis þá tölum við við viðkomandi. Hlutverk leikskólans er að jafna rétt barna til uppeldis, við leitum aðstoðar ef við erum ekki að standa okkur.”*¹³⁹

“Við pössum upp á að skrá allt niður, t.d. hver er söngstjóri, þjónn o.s.frv. til að gæta jafnræðis milli barna. Við erum meðvituð hvernig við tölum og að tala eins við stráka og stelpur. Þróunarverkefnið okkar og myndbandsupptökur af starfsmönnum og börnum hjálpuðu okkur að sjá starfið í nýju ljósi, við tókum betur eftir hvernig við töluðum við börnin og hvort einhver börn drógu sig til baka í leiknum. Verkefnið nýttist til að auka jafnræði og meðvitund starfsmanna um þessi mál. Annað dæmi er að bangsinn sem fer heim með börnunum um helgar var með karlmanns nafni, við breyttum því”.¹⁴⁰

Móttökuáætlun vegna erlendra barna er til í leikskólanum og er hún fengin frá Skólaskrifstofu Suðurlands. Foreldri byrjar á því að ræða við leikskólastjóra, þar heyrum við hvar foreldrið er statt. Foreldrar fá skrifleg gögn um skólann, starfsfólk, símanúmer ofl. á íslensku. Einnig fylla þeir sjálfir út eyðublað um barnið, fjölskylduna, heilsufar,

¹³⁵ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

¹³⁶ Rýnihópur kennara og starfsmanna, 10.og 11.nóvember 2011.

¹³⁷ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, 10.nóvember 2011.

¹³⁸ Rýnihópur barna, 11.nóvember 2011.

¹³⁹ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

¹⁴⁰ Rýnihópur deildarstjóra 10.nóvember 2011.

lyfjatöku, skapgerð, áföll sem barnið hefur orðið fyrir, helstu siði og venjur, trúarbrögð, atvinnu foreldra í heimalandi, ofl. Foreldrar fá túlk í foreldraviðtöl og teymisfundi. Ef barnið þarf sérfræðipjónustu að halda eru gögn frá sérfræðingum þýdd af túlkum. Túlkar koma frá Alþjóðahúsi, við viljum ekki fá túlk úr nærsamfélaginu því við viljum ekki að fólk héðan úr sveitarfélaginu sitji þessa fundi til að tryggja trúnað við fólkið.¹⁴¹ Að sögn deildarstjóra, kennara og starfsmanna hefur skapast ákveðið verklag á leikskólanum með því að kalla á túlk, en það mætti gera betur í þessum efnum.¹⁴²

8.2.Dagskipulag leikskólans

Lögð er áhersla á fast skipulag á leikskólanum, en með því skapast öryggiskennd barnanna. Daglegt líf í leikskóla mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna.¹⁴³ Lögð er áhersla á að í dagskipulagi tengist námsviðin daglegu lífi, að tímasetningar og skipulag skapi öryggi hjá barninu og stuðli að samfelldum tíma til leikja og skapandi starfa. Leikskólinn hefur sett sér uppeldisleg markmið og leiðir varðandi daglegar venjur og koma þær fram í skólanámskrá. Dagskipulagið er útfært nánar á hverri deild fyrir sig og tekur þá mið af aldri, þroska og getu barnanna. Dagskipulagið er endurmetið reglulega á deildarfundum og því breytt eftir þörfum.¹⁴⁴ Í dagskipulagi leikskólans er gert ráð fyrir frjálsum leik barna, hópastarfi, söng- og sögustundum, matmálstímum og samverustundum.¹⁴⁵

8.3.Leikur og nám

*Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur..... Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur born.... Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt.*¹⁴⁶

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og kennsluáferð leikskólakennarans. Í leiknum er barnið að skapa. Leikurinn fléttast inn í dagskipulagið. Lögð er áhersla á að hvert og eitt barn fái notið bæði hvíldar og útrásar í leiknum og að þau umgangist hvort annað af virðingu. Leikskólakennarinn tekur þátt í leiknum með börnunum, styður og hvetur og gefur tækifæri til að beita rökhugsun og sýna frumkvæði.

¹⁴¹ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 10.nóvember 2011.

¹⁴² Rýnihópur deildarstjóra, kennara og starfsmanna 10.og 11.nóvember 2011

¹⁴³ Skólanámskrá Árbæjar, bls. 13.

¹⁴⁴ Viðtal við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra, 10.og 11.nóvember 2011.

¹⁴⁵ Skólanámskrá Árbæjar 2006 og Ársáætlun Árbæjar 2010-2011.

¹⁴⁶ Aðalnámskrá leikskóla 2011:26.

Valkerfi er notað á öllum deildum í Árbæ. Valið fer þannig fram að börnin velja sér ákveðin svæði eða ákveðin leik. Á valspjaldi er mynd af svæðum eða leikföngum og fyrir ofan myndina eru punktar sem tákna þann fjölda barna sem geta valið svæðið eða leikinn.¹⁴⁷ Að mati deildarstjóra hefur frjálsi leikurinn meira vægi en valtimi en unnið er með hvoru tveggja. Meira val er á eldri deildum og valið hjá þeim er frjáls leikur en ekki allt í boði. Valið er skráð og ef barn er búið að velja í þrjú skipti í röð á sama svæði þá breytum við svo fleiri komist að“.¹⁴⁸

Áhrif barna á vægi leiksins felast m.a. í að ef leikur gengur vel og úthald er gott þá er leikur barnanna ekki rofin og þau geta haft áhrif á með hverjum þau eru í leik. Að mati allra viðmælenda er vægi leiksins fullnægjandi á leikskólanum.¹⁴⁹

8.4. Leikefni og efniviður

Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri.....Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana.150

Árbær leggur áherslu á að leikefni og efniviður sé opinn. Mikið er um einingakubba og aðra kubba og eru þeir á öllum deildum. Ekki er mikið dót á deildunum og eru geymslur notaðar til að geyma dót. Leikskólinn var fyrstu tvö árin rekinn sem Hjallaleikskóli en síðan hefur bæst við dót og efni. Að mati leikskólastjóra er of lítil hreyfing á dótinu á milli deilda og megi bæta úr því. „Við erum með ferðadót. Dótið dagar svolítið uppi á deildum. Það má bæta úr því“.¹⁵¹ Helstu rökin fyrir vali á leikefni fyrir börnin er að það stuðli að þroska barnanna. Börnin á leikskólanum geta haft áhrif þegar kemur að vali á leikefni og efnivið fyrir leikskólann.¹⁵² Að mati starfsmanna eru börnin sáttt við það leikefni og efnivið sem leikskólinn býður upp á en starfsmenn vilja sjá meiri fjölbreytni og endurnýjun, það vanti meira leikefni fyrir yngstu börnin. Árbær er ekki með dót úti á lóð á föstudögum og tengist það því að leikskólinn var í upphafi rekinn eftir þeirri stefnu.¹⁵³

8.5. Vinnustundir/Hópavinna.

Gert er ráð fyrir hópastarfi í dagskipulagi leikskólans. Deildarstjóri hvernar deildar skipuleggur hópastarfið, ákveður tíma og raðar börnum í hópa. Skipulag hópastarfsins er kynnt fyrir foreldrum að hausti og fá þeir stundaskrár heim. Börnin eru í sama hóp allt

¹⁴⁷ Ársskýrsla Árbæjar 2010-2011, bls.5.

¹⁴⁸ Rýnihópur deildarstjóra, 10.nóvember 2011.

¹⁴⁹ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, rýnihópur deildarstjóra, kennara og starfsmanna 10.og11.nóv. 2011.

¹⁵⁰ Aðalnámskrá leikskóla 2011:27.

¹⁵¹ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 11.nóvember 2011.

¹⁵² Viðtal við deildarstjóra 10.nóvember 2011.

¹⁵³ Rýnihópur kennara og starfsmanna 11.nóvember 2011.

skólaárið og er skipt í hópa eftir aldri og þroska. Hópastarfið felur í sér gönguferðir, hreyfingu, listir, námsviðin og fl. Að mati leikskólastjóra þarf leikskólinn að vera duglegri að upplýsa hvað gert er í hópatímum og frjálsum tímum t.d. fyrir foreldrum.¹⁵⁴

8.6. Mat úttektaraðila

- Ójafnvægi er innan deilda hvað varðar aldursskiptingu og mikilvægt er að það verði lagað fyrir næsta haust. Leikskólinn hefur komið fram með tillögu að útfærslu á því hvernig þetta verður framkvæmt.
- Mikil áhersla er lögð á fylgjast með líðan barna, bæði í gegnum heilsubók barnsins og þróunarverkefni leikskólans.
- Fara þarf fram fagleg umræða meðal starfsfólks hvernig auka má lýðræði barna á leikskólanum.
- Leikskólinn leggur áherslu á jafnrétti er á leikskólanum. Taka úttektaraðilar undir það.
- Faglega er staðið að móttöku erlendra barna á leikskólanum. Móttökuáætlun liggur fyrir, en kynna þarf hana fyrir starfsfólki.
- Jafnvægi er á milli mismunandi þátta í dagskipulagi leikskólastarfsins.
- Vægi frjálsa leiksins er nægjanlegt.
- Auka þarf fjölbreytni og endurnýjun í leikefni og efnivið, m.a. vantar meira leikefni fyrir yngstu börnin.
- Hópastarf er mjög gott en upplýsa má foreldra betur um hvað gert er í hópatímum og frjálsum tímum.

9. INNRA MAT

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.¹⁵⁵

Í ársáætlun Árbæjar koma fram upplýsingar um mat á skólastarfinu starfsárið 2010-2011. Mat á skólastarfinu er bæði formlegt og óformlegt. Óformlegt mat fer fram í daglegu starfi þar sem starfsfólk skoðar og metur aðstæður og leitar lausna. Óformlegt mat á starfinu fer einnig fram á starfsmannafundum, deildarfundum og deildarstjórafundum. Formlegt mat á starfinu á síðasta ári fór fram með spurningalistum

¹⁵⁴ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 11.nóvember 2011.

¹⁵⁵ Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr.

sem lagðir voru fyrir foreldra og starfsmenn. Spurningar til foreldrar og starfsmanna voru gerðar með stefnu leikskólans, skólanámskrá og ársáætlun til hliðsjónar. Spurningalistar voru lagðir fyrir foreldra í desember 2010 og var svarhlutfall 55,6%.¹⁵⁶

Helstu niðurstöður foreldra árið 2009 voru að þeir eru ánægðir með viðmót starfsmanna, skipulag aðlögunar, með foreldrafundina, að barnið sé glatt í leikskólanum og að það læri sjálfstæð vinnubrögð. Foreldrar sögðu að helstu veiku hliðar leikskólans væru litlar kynningar á nýju starfsfólki, lítil kynning á sérúrræðum og sérfræðipjónustu sem barnið og foreldrar eiga rétt á og lítilli kynningu á stefnu leikskólans fyrir foreldrum sem eru að byrja með barnið í Árbæ. Við úrvinnslu á matinu koma fram tillögur og vinnuferlar til breytinga vegna þeirra athugasemda sem fram koma.¹⁵⁷

Mat starfsmanna var lagt fyrir í maí 2010. Helstu niðurstöður starfsmanna í maí 2010 voru eftirfarandi (á skalaum 1-5):

| Þáttur | Einkunn |
|---|----------------|
| Námsvið leikskóla | 4,49 |
| Líðan barna | 4,5 |
| Samskipti foreldra og starfsfólks | 4,18 |
| Samstarf heimila og skóla | 4,44 |
| Samskipti innan leikskólans gagnvart börnum, foreldrum og starfsfólki | 4 |
| Leikur og skólastarf | 4 |
| Stjórnunarhættir leikskólans | 3,8 |
| Námsskrá leikskólans | 3,68 |
| Húsnæði, lóð og búnaður | 3,68 |
| Samskipti við rekstraraðila Árbæjar | 2 |
| Samstarfsverkefni og þróunarstarf | 1,74 |

Innra mat barna fór fram í apríl 2010 og svöruðu fjögur börn á hverri deild spurningum um líðan sína með því að benda á myndir sem lýsa líðan. Aðferðin gekk vel að mati þeirra sem lögðu það fyrir börnin. Í lok voru gerðar tillögur að úrbótum.¹⁵⁸ Helstu niðurstöður innra mats barna voru að þeim líður vel í leikskólanum. Þeim líður vel þegar að unnið er með námsþætti leikskólans, hreyfingu, listakrök, kubba og málörvun. Börnin

¹⁵⁶ Ársáætlun Árbæjar 2010-2011, bls.7.

¹⁵⁷ Ársáætlun Árbæjar 2010-2011, bls.7.

¹⁵⁸ Ársáætlun Árbæjar 2010-2011, bls.6-7.

voru einnig beðin um að segja hvað þeim þykir skemmtilegt að gera í Árbæ og fékk kubbakot flest atkvæði. Þegar spurt var um hvað þeim þyki leiðinlegt/erfitt að gera í leikskólanum fékk ekkert flest atkvæði.

Við úrvinnslu á niðurstöðum úr mati barnanna eru dregnar ályktanir og lagðar eru fram tillögur að úrbótum en ekki hvernig þær verða framkvæmdar.

- Að stuðla að því að börnin leiki sér á eigin forsendum
- Að starfsfólk fylgist með leiknum og það sé tilbúið til þess að örva eða taka þátt í leiknum á forsendum barnanna
- Að starfsfólk skilji hlutverk sitt og veiti börnunum öryggi
- Að starfsfólk veki áhuga barnanna á viðfangsefna dagsins
- Að starfsfólk hvetji börnin til að spyrja spurninga og leita svara
- Að starfsfólk hafi gleði af því að starfa með börnum

Í ársáætlun Árbæjar skólaárið 2010-2011 dregur leikskólastjóri saman sterku og veiku hliðar leikskólastarfsins. Að mati hans eru sterku hliðarnar þær að samskiptin innan leikskólans og út á við eru góð og börnunum og starfsfólkinu virðist líða vel. Veiku hliðar samkvæmt leikskólastjóra eru þær helstar að skerpa þarf á stjórnunarháttum, stuðla að betra upplýsingaflæði innan og utan leikskólans og endurskoða skólanámskrá.¹⁵⁹

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir gerð innra mats á leikskólanum og er eftirfylgni háttað með þeim hætti að niðurstöður eru kynntar á hverri deild fyrir sig. Verkferlar eru skýrir og þátttaka hefur verið góð að mati skólastjórnenda.¹⁶⁰ Foreldrum og sveitarfélaginu eru ekki kynntar sérstaklega niðurstöður úr innra mati á leikskólastarfinu en þær eru settar fram ásamt umbótaáætlun í ársáætlun Árbæjar 2010-2011.¹⁶¹

Gerðar eru tillögur að úrbótum við úrvinnslu á matinu. Meðal þeirra er að Árbær vinni að þróunarverkefni sem stuðli að auknum gæðum náms í Árbæ, endurskoðun og uppfærsla á skólanámskrá, skerpt verði á stjórnunarháttum og fl.

Heilsubók barnsins er gæðamatskvarði Heilsuleikskóla og segir til um hvort settum markmiðum heilsustefnunnar er náð. Þar er að finna útfærð skráningarblöð varðandi proska og ýmsar upplýsingar um barnið. Með skráningunni er hægt að fylgjast með

¹⁵⁹ Ársáætlun Árbæjar 2010-2011, bls.10.

¹⁶⁰ Viðtal við leikskólastjóra 10.nóvember 2011.

¹⁶¹ Rýnihópur foreldra og viðtal við fulltrúa sveitarfélagsins 11.nóvember 2011.

proskaframvindu barnsins og upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Skráningin fer fram tvisvar á ári vor og haust og eru foreldrar boðaðir í viðtal í kjölfarið.¹⁶²

Ekkert ytra mat er framkvæmt á vegum sveitarfélagsins. Í viðtölum við fulltrúa sveitarfélagsins kemur fram að verið sé að skoða að framkvæma mat á meðal foreldra. „Það vantar í starfseminu að kanna hug foreldra og eins meðal starfsmanna, þurfum að bæta okkur í þessu.“¹⁶³

9.1. Mat úttektaraðila

- Árbær hefur mótað aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans. Matið er ekki kerfisbundið.
- Gera þarf hagsmunaaðilum betur grein fyrir innra mati á leikskólastarfinu, en þær eru settar fram ásamt úrbótaáætlun í kjölfar niðurstaðna í ársáætlun.
- Sveitarfélagið hefur ekki framkvæmt ytra mat á leikskólanum, hvorki meðal starfsmanna eða foreldra og hvetja úttektaraðilar að það verði gert reglulega.
- Börn hafa aðkomu að innra mati en með aukinni áherslu á þátttöku barna í leikskólastarfinu má skerpa enn frekar á því.

10. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGLI

Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.¹⁶⁴

Að mati viðmælenda hefur leikskólanum gengið vel að koma á samvinnu við foreldra og aðra hagsmunaaðila. „Sit í foreldraráðinu og gengur mjög vel að vinna með þeim og samfélaginu. Sitjum í ýmsum ráðum með hagsmunaaðilum til að hafa áhrif á samfélagið.“¹⁶⁵ Í viðtölum við starfsmenn leikskólans og foreldra er tekið undir að samstarf milli þessara aðila sé gott og lögð sé áhersla á að efla tengslin.¹⁶⁶

Aðalmarkmið foreldrasamstarfsins í Árbæ er að eiga opin og traust samskipti við alla foreldra. Að foreldrar finni að þeir eru alltaf velkomnir með börnin sín í leikskólann og geti

¹⁶² Skólanámskrá Árbæjar, 2011, bls. 21.

¹⁶³ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

¹⁶⁴ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 9. gr.

¹⁶⁵ Viðtal við leikskólastjóra 11.nóvember 2011.

¹⁶⁶ Rýnihópur kennara, starfsmanna og foreldra 10.og 11.nóvember 2011.

talað við starfsfólk ef eitthvert vandamál kemur upp og treyst því að á þá sé hlustað og unnið með það verkefni/vandamál sem kemur upp foreldrasamstarfinu. Einnig að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.¹⁶⁷

Leikskólastjórar í Árborg hittast einu sinni í mánuði en þar er fjallað um starfsemi leikskólana og verkefni sem upp koma. Leikskólastjórar á Suðurlandi funda einu sinni í mánuði þar sem farið er yfir málefni sem tengjast leikskólastarfinu. Árbær er heimaleikskóli nemenda frá Háskóla Íslands, sömu nemarnir koma í Árbæ á sínu nematímabili en þeir eru ekki alltaf á sömu deild, það fer eftir því hvaða verkefni þeir eru með frá háskólanum.

Skólaskrifstofa Suðurlands veitir ráðgjöf varðandi börn sem þurfa á talkennslu og nánari greiningu að halda og sinnir einnig endurmenntun starfsfólks ásamt Háskóla Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands.¹⁶⁸

Að mati fulltrúa sveitarfélagsins eru verkferlar skýrir varðandi teymi á Heilsugæslu, barnavernd og skólaskrifstofu.¹⁶⁹

10.1. Foreldraráð

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið ... Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.170

Stjórn foreldrafélags Árbæjar gegnir jafnframt hlutverki foreldraráðs á leikskólanum. Það fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og situr leikskólastjóri fundina. Foreldrafélag og foreldraráð var sameinað í fyrra og var það gert til að einfalda hlutina að sögn leikskólastjóra.¹⁷¹ Helstu verkefni eru að mati foreldra að hittast og gera eitthvað skemmtileg og reyna að mynda skólabraginn. Samkvæmt reglunum á foreldraráðið að hafa áhrif á námsskrá, skipulag, dagskipulag og koma með tillögur en það hefur ekki reynt á þetta hingað til þ.e. formlega starfið.¹⁷²

Við val á fulltrúum í foreldraráð leikskólans nýtti leikskólinn sér handbók frá Heimili og skóla um hlutverk foreldraráðs. Leikskólastjóri sendi rafræna bæklinga frá þeim á alla

¹⁶⁷ Ársskýrsla Árbæjar 2010-2011, bls. 10.

¹⁶⁸ Ársskýrsla Árbæjar 2010-2011, bls. 12.

¹⁶⁹ Viðtal við fulltrúa sveitarfélagsins 11.nóvember 2011

¹⁷⁰ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

¹⁷¹ Viðtal við leikskólastjóra 11.nóvember 2011.

¹⁷² Rýnihópur foreldra 11.nóvember 2011.

foreldra.¹⁷³ Í viðtölum við foreldra og fulltrúa úr foreldraráði um upplýsingar og skyldur foreldraráðs kom fram að þeir vita ekki út á hvað þær ganga. „*Höfum ekki séð skyldurnar*“.¹⁷⁴ Helstu verkefni foreldraráðs Árbæjar eru skilgreind í ársáætlun en þar má nefna umsögn um starfsáætlun leikskólans og helstu breytingar á skólanámskrá, fjárhagsáætlun, mat á leikskólastarfinu, námsvið leikskóla, samstarf leik og grunnskóla, skóladagatal, samsetning matseðils, áætlun um sumarstarfið, inntaka og aðlögun barna og undirbúningur fyrir aðalfund. Við skoðun á fundargerðum foreldraráðs/ foreldrafélags eru hefðbundin áhersluatriði foreldrafélags, s.s. skemmtanir og uppákomur stór partur og ekki komu fram þau verkefni sem skilgreind eru í ársáætlun foreldraráðs. Bent er á ástand lóðar í fundargerðum foreldraráðs/foreldrafélags og ræddar aðgerðir vegna hennar.¹⁷⁵

10.2. Foreldrafélag

Í Árbæ er starfandi foreldrafélag en stjórn foreldrafélagsins gegnir jafnframt hlutverki foreldraráðs. Stjórn foreldrafélagsins hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og situr leikskólastjóri fundina. Að mati allra viðmælenda er foreldrafélag Árbæjar mjög virkt og stendur sig vel. Foreldrafélagið stendur fyrir margskonar uppákomum og er stuðningur við starfið sem fram er á leikskólanum. Ritaðar eru fundargerðir og þær eru birtar á heimasíðu leikskólans. Foreldrafélagið hefur sett sér starfsreglur en þar eru m.a. upplýsingar um féлага og markmið, félagjöld og innheimtu þeirra, hvernig kosningu í stjórn er háttað markmið aðalfundar, skýringar á verkferlum, dagskrá aðalfundar og hvernig haga skuli breytingum á starfsreglum félagsins. Á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldin var 27. september 2011 var farið yfir síðasta starfsár, farið var yfir reikninga félagsins, kosið í nýja stjórn, samþykkt breytingartillaga að starfsreglum, ákvörðun félagsgjalda og önnur mál.¹⁷⁶

10.3. Lýðræði og þátttaka

Að mati starfsmanna eiga foreldrar auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri t.d. í foreldraviðtölum, foreldrafundum og í daglegu spjalli.¹⁷⁷ Að mati leikskólastjóra er foreldraráð vettvangur fyrir foreldra til að koma að ákvörðunum í leikskólanum og góður vettvangur til að hafa áhrif.¹⁷⁸ Starfsmenn eru sammála um að foreldrar mættu vera

¹⁷³ Viðtal við leikskólastjóra 11.nóvember 2011.

¹⁷⁴ Rýnihópur foreldra 11.nóvember 2011.

¹⁷⁵ Fundargerðir foreldrafélags/foreldraráðs 2011.

¹⁷⁶ Fundargerðir foreldrafélags/foreldraráðs 2011.

¹⁷⁷ Rýnihópur kennara og starfsmanna 11.nóvember 2011.

¹⁷⁸ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 11.nóvember 2011.

duglegri við að mæta á foreldrafundi en það sé mismunandi eftir árgöngum.¹⁷⁹ Almenn ánægja er með mætingu foreldra á viðburði í leikskólanum og er bent sérstaklega á vasaljósiferð. „*Erum stundum með tillögur að viðburðum og það er hlustað á okkur. Það er mikið af viðburðum en plássleysi er í leikskólanum sem kemur niður á t.d. jólaskemmtunum. Við heyrum t.d. aldrei samsöng hjá börnunum því húsnæðið er of lítið fyrir það*”. Foreldrum hafa ekki verið kynntar niðurstöður innra mats en ársskýrsla var send þeim í tölvupósti. Þátttaka í mótun uppeldisstarfsins er ekki mikil að mati foreldra „*Við könnumst ekki við það, það er ekki lagt fyrir foreldraráðið*“. Að mati foreldra eru þeir ekki sérstaklega hvattir til að taka þátt í starfinu sem fram fer á leikskólanum en benda á að leikskólinn sé mjög opin og að þau séu hvött til að koma með hugmyndir að vettvangsferðum t.d. að fara í fiskbúðina, leikhúsið, mjólkurbúið og fl.¹⁸⁰

10.4.Samskipti heimilis og leikskólans, grenndarsamfélags.

Lögð er áhersla á að stuðla að góðu upplýsingaflæði milli heimilis og leikskólans. Dagleg samskipti milli foreldra og starfsmanna eru mikil, gefin er út upplýsingabæklingur og fréttabréf til foreldra tölvupóstur er mikið notaður og settar eru fréttir á heimasíðu leikskólans. Upplýsingatafla er í fatalefa á hverri deild þar sem fram koma upplýsingar frá deginum.¹⁸¹ Foreldrar hafa gott aðgengi að leikskólastjórnendum og öðru starfsfólki og hægt er að ná sambandi við þá með litlum eða engum fyrirvara. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári enn þá er farið yfir heilsubókina, rætt um hvernig líðan barnsins er á leikskólanum og hvað er í gangi. Haldnir eru foreldrafundir að hausti en þar er starfsemi vetrarins kynnt og sagt frá ýmsum uppákomum. Foreldrar benda á að Heilsustefnan er ekki sett á forsíðu heimasíðu leikskólans og ekki sé heldur linkur á síðu heilsuleikskóla.¹⁸²

Við upphaf skólagöngu er foreldrum afhentur kynningarbæklingur en þar koma fram helstu upplýsingar um innra starfið á leikskólanum, aðlögun og hagnýtar upplýsingar. Lögð er áhersla á að aðlögun sé sá tími sem barnið er að kynnast starfsfólki, börnum og húsnæði leikskólans og þetta sé einnig tími fyrir foreldra og starfsfólk til að kynnast og tengjast. Þannig skapist meiri tengsl milli heimila og skóla. Vinnureglur aðlögunar eru

¹⁷⁹ Rýnihópur kennara og starfsmanna 11.nóvember 2011.

¹⁸⁰ Fundargerðir foreldrafélags/foreldraráðs 2011.

¹⁸¹ Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, rýnihópar kennara, starfsmanna 11.nóv.2011

¹⁸² Rýnihópur foreldra 11.nóvember 2011.

skýrar en við lok formlegrar aðlögunar meta foreldrar og starfsmenn viðkomandi deildar hvernig gengið hefur og taka ákvörðun um framhaldið.¹⁸³

Foreldrar barna á leikskólanum eru mjög sátt við fyrirkomulag aðlögunar og benda á að tekið sé tillit til einstaklingsþarfa og gefin lengri tími ef þarf. Þeir gera þó athugasemdir við flutning barna á milli deilda og benda á að fyrirvari sé stuttur og foreldrar fái ekki kynningu á nýrri deild. *„Ég vissi ekki nema með smá fyrirvara að verið væri að flytja barnið milli deilda og hver tæki við því. Þyrfti að upplýsa foreldra betur og kynna fólkinu á nýju deildinni. Það væri æskilegt að fá kynningu á nýjum deildum og skoða deildina“.*¹⁸⁴

Deildarstjórar hafa verið virkir hvað varðar samstarf við samfélagið sem leikskólinn starfar í. Farið er í heimsóknir með börnin á vinnustaði og í stofnanir. Vikulega fara allar deildir í gönguferðir um næsta nágrenni leikskólans, það fer eftir aldri og getu hve langt er farið og börnin þekkja umhverfi sitt og leikskólans talsvert vel þegar leikskólagöngu þeirra líkur.¹⁸⁵ Að mati foreldra eru þau hvött til að koma með hugmyndir að vettvangsferðum.¹⁸⁶

10.5. Mat úttektaraðila

- Árbær á í góðu samstarfi við ytri aðila sem koma að málefnum leikskólans.
- Foreldraráð og foreldrafélag er samrekið á leikskólanum. Að mati úttektaraðila hafa skyldur foreldrafélags verið leiðandi í starfi þess og lögbundnar skyldur foreldraráðs hafa vikið. Ársáætlun foreldraráðs liggur fyrir, en henni er ekki fylgt eftir þegar fundargerðir eru skoðaðar. Skerpa þarf verulega á verklagi og skyldum samrekis félags og kynna það betur fyrir foreldrum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Auka má þátttöku foreldra í mótun uppeldisstarfsins og hvetja þá enn frekar að taka þátt í starfinu á leikskólanum.
- Samskipti heimilis og leikskólans eru góð.
- Fyrirkomulag aðlögunar nýrra barna er skýrt.
- Úttektaraðilar gera athugasemdir við flutning barna á milli deilda. Upplýsa þarf foreldra fyrr um fyrirhugaðan flutning. Kynna þarf starfsemi nýrrar deildar, starfsmenn og gefa foreldrum tækifæri á að skoða deildina.

¹⁸³ Gögn frá leikskólanum, nóvember 2011 og viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra 11.nóvember 2011.

¹⁸⁴ Rýnihópur foreldra 11.nóvember 2011.

¹⁸⁵ Ársskýrsla Árbæjar 2010-2011, bls. 12.

¹⁸⁶ Rýnihópur foreldra 11.nóvember 2011.

11. SÉRKENNSLA BARNA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS

Mat á námi á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu.¹⁸⁷

Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.¹⁸⁸

Sérkennslustjóri starfar við Árbæ. Sérkennslan hefur verið í mótun í leikskólanum Árbæ og starfar samkvæmt lögum og aðalnámskrá leikskóla 2011 þar sem kemur fram að lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar sem allir eiga rétt á að vera jafnir og þátttakendur í námi sínu og þroska. Í leiðarljósum um leikskóla kemur fram að starfsfólk leikskóla skuli grípa inni ef þurfa þykir til að öll börn njóti bernsku sinnar sem best miðað við þroska og þarfir hvers og eins.¹⁸⁹

Sérkennslustjóri sér um að skipuleggja sérkennsluna eftir þörfum hvers einstaklings. Gerðar eru einstaklingsnámskrár með öllum börnum sem eru í sérkennslu. Einnig fer fram skráning í dagbók eftir hvern tíma þar sem kemur fram hvað var gert í tímanum og hvernig það hafi gengið. Börnin fá bæði kennslu inni sérkennsluherbergi og inni á deildum eftir þörfum. Sérkennslustjóri sér um að boða teymisfundi þar sem foreldrar mæta ásamt teyminu sem er í kringum viðkomandi barn og skrifar fundargerð sem er send til allra sem málið varðar. Sérkennslustjóri er í daglegum samskiptum við deildarstjóra og leikskólastjóra leikskólans til að byggja upp traust net um börnin innan leikskólans. Það er kennari í 100% stöðu sem starfar með sérkennslustjóranum.¹⁹⁰

Markmið með sérkennslu í Árbæ liggur fyrir. En þau eru:

1. Að öll börn fái þroskavænleg verkefni við sitt hæfi og geti notið sín í starfi og leik með öðrum börnum.

¹⁸⁷ Aðalnámskrá leikskóla 2011:31.

¹⁸⁸ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 21. og 22. gr.

¹⁸⁹ Greinargerð leikskólastjóra 17.nóvember 2011.

¹⁹⁰ Greinargerð sérkennslustjóra Árbæjar, 15.nóvember 2011.

2. Að öll börn séu hluti af hópnum en einangrist ekki vegna sérstöðu sinnar.
3. Að veita öllum börnum uppeldisskilyrði við hæfi og að koma til móts við þarfir þeirra í leik og starfi.¹⁹¹

Allir starfsmenn eru ánægðir með hvernig er haldið á sérkennslumálum og telja hana ganga mjög vel, verkferlar og eftirfylgni í framhaldi af greiningu séu skýrir og mjög virkir innan leikskólans. Bent er á að biðtími vegna greininga og sérfræðipjónustu geti verið langur t.d. er barn búið að bíða í eitt og hálf ár eftir tíma hjá talmeinafræðingi og biðlistinn er 6 mánuðir hjá iðjubjálfa.¹⁹² Í viðtölum við foreldra kemur fram að þeir séu ekki upplýstir um að það starfi sérkennslustjóri í leikskólanum, þeim hafi ekki verið kynnt það sérstaklega.¹⁹³

11.1. Samstarf sérfræðipjónustu sveitarfélags og ríkis

Skólaskrifstofa Suðurland hefur það hlutverk að veita handleiðslu, sinna greiningum og ráðgjöf í leikskólum og grunnskólum á Suðurlandi. Á Skólaskrifstofunni starfa sérfræðingar á sviði sálfræði-, talmeina-, sérkennslu og leikskólaráðgjafar. Starfsfólk og foreldrar geta leitað leiðsagnar og ráðgjafar hjá sérfræðingum Skólaskrifstofu þegar grunur vaknar um frávík í þroska barna eða hegðun. Ef þörf er á nánari greiningu skal fylla út tilvísunareyðublöð og þar til gerða lista frá Skólaskrifstofu. Eyðublöð og upplýsingar um þjónustu Skólaskrifstofu Suðurlands má nálgast á heimasíðu skrifstofunnar www.skolasud.is.¹⁹⁴ Sérkennslufulltrúi vegna sérkennslu o.fl. starfar hjá sveitarfélaginu Árborg. Hann hlutast til um greiningu og fylgir henni eftir. Hann er meðal annars í samstarfi við sérfræðinga á skólaskrifstofu Suðurlands, Heilsugæslu Selfoss, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Félagsþjónustu Árborgar sem hefur nýlega tekið við verkefnum frá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Suðurlandi sem var lögð niður um síðustu áramót.¹⁹⁵

Í leikskólum Árborgar eru börn sem m.a. Greiningar- og ráðgjafarstöð Ríkisins, Þroska og hegðunarstöð (ÞHS) eða Sjónstöð Íslands hafa greint með frávík í þroska. Eftir að greiningu lýkur njóta börnin þjónustu þessara stofnana áfram í mismiklu mæli. Sérfræðingar/fagfólk þessara stofnana veita einnig leikskólunum ráðgjöf vegna barnanna fyrst eftir að greiningarferlinu lýkur. Þegar þeirri ráðgjöf sleppir sinna sérfræðingar/fagfólk

¹⁹¹ Skólanámskrá Árbæjar 2006, bls. 14.

¹⁹² Rýnihópur kennara og starfsmanna, 11.nóvember 2011.

¹⁹³ Rýnihópur foreldra, 11.nóvember 2011.

¹⁹⁴ Greinargerð sérkennslustjóra Árbæjar, 15.nóvember 2011.

¹⁹⁵ Skólanámskrá Árbæjar 2006/2011, bls. 4.

innan sveitarfélagsins ráðgjafapjónustu og sjúkraþjálfun.¹⁹⁶ Þá hefur Sveitarfélagið Árborg fengið sérstakan styrk frá velferðarráðuneytinu vegna ADHD barna og langveikra barna sem nýtist í talþjálfun leikskóla- og grunnskólabarna og einnig til sjúkraþjálfunar tveggja langveikra leikskólabarna.

11.2. Mat úttektaraðila

- Vel er haldið utan um málefni sérkennslu á leikskólanum, þar er starfandi sérkennslustjóri og gerðar eru einstaklingsnámskrár. Utanumhald um teymisfundir er gott.
- Kynna má betur starf sérkennslu fyrir foreldrum.
- Leikskólinn á í góðu samstarfi við sérfræðipjónustu Árborgar og ríkis, en biðtími hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er nokkuð langur að þeirra mati. Úttektaraðilar telja að sveitarfélagið standi mjög vel að sérkennslumálum. Þeir hafa m.a. fengið sérstakan styrk frá velferðarráðuneytinu vanga ADHD barna og langveikra barna.

12. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.197

Sveitarfélagið Árborg ber ábyrgð á rekstri Árbæjar. Helstu áherslur sveitarfélagsins í rekstri leikskóla er að foreldrar hafi greiðan aðgang og fái pláss fyrir börn sín. Mikil metnaður er hjá sveitarfélaginu í leikskólamáli, börnin hafa fengið pláss á réttum tíma og lögð áhersla á að byggja kröftuglega upp leikskóla frá 2005. Eins og kom fram hér að ofan er leikskólastefna sveitarfélagsins gömul, en stefnt er að endurgerð hennar á næstunni.¹⁹⁸

Sveitarfélagið hefur ekki sinnt mati og eftirliti með gæðum skólastarfsins. Ekkert ytra mat er framkvæmt á vegum sveitarfélagsins, en markmiðið er að bæta úr því. Sveitarfélagið hefur ekki kallað eftir umbótaáætlun leikskólans í kjölfar niðurstaðna úr sjálfsmati leikskólans.¹⁹⁹

¹⁹⁶ Greinargerð sérkennslustjóra Árbæjar, 15.nóvember 2011.

¹⁹⁷ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 19.gr.

¹⁹⁸ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

¹⁹⁹ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

Fulltrúar sveitarfélagsins eru að endurskoða allar stefnur þess, s.s. mannauðs-, jafnréttis og skólastefnu. Þeir binda vonir við niðurstöður þessarar skýrslu við innleiðingu á nýrri stefnu og umbótaáætlun leikskólans. Markmiðið er að skoða ytra matið í nýrri stefnumótun og fylgja eftir heilsuáherslu skólans. Þeir hafa áhuga á að stefnan þróist sem víðast því árangurinn er að þeirra mati mjög góður. Við viljum sjá skólana í stöðugri þróun. Bæta má faglega samstarfið milli leik- og grunnskóla þannig að færsla milli skólastiga verði eins órofin og kostur er. Heimsóknarformið hefur verið nokkuð gott, en það má bæta það enn frekar. Einnig má styrkja foreldraþáttinn og aðkomu og samstarf milli heimilis og skóla og koma á foreldrakönnun.²⁰⁰

12.1. Mat úttektaraðila

- Skólastefna sveitarfélagsins er frá 2006 og endurskoðun á henni þarf að fara fram hið fyrsta.
- Starfsmanna- og jafnréttisstefna er til og stefnt er á endurskoðun á henni á næsta ári.
- Ytra mat á leikskólanum hefur ekki verið framkvæmt.
- Sveitarfélagið hefur ekki kallað eftir umbótaáætlun á niðurstöðum úr innra mati leikskólans.

²⁰⁰ Viðtal við fræðslustjóra, sérkennslufulltrúa og formann fræðslunefndar Árborgar 11.nóv 2011.

13. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt á leikskólanum Árbæ í Árborg. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla.

13.1. Styrkleikar og veikleikar

Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, börn, foreldrar og fulltrúar sveitarfélags spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskólans. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

| Styrkleikar | Veikleikar |
|---|--|
| Heilsuleikskóli | Fáir starfsmanna og fagfundir |
| Vel staðið að sérkennslu barna | Nýir starfsmenn fá ekki mikla fræðslu og kennslu á verkferla og samstarf á milli deilda |
| Heilsustefnan tengist stefnu sveitarfélagsins | Lóð ófullnægjandi og skapar slyshættu hjá börnum |
| Samstarf leikskólastjóra og fræðslustjóra | Áhættumat liggur ekki fyrir og ekki hefur verið tekið á öllum athugasemdum Heilbrigðiseftirlits og Árvikni |
| Ánægja með nýjan leikskólastjóra, opin og jákvæð tjáskipti og mikill sveigjanleiki í stjórnun | Skortur á skriflegum gögnum um leikskólann |
| Góður starfsandi, mikil samheldni og gott viðmót starfsmanna | Ekki liggur fyrir mat á stjórnun leikskólans |
| Starfsmanna- og jafnréttisáætlun liggur fyrir | Ekki mikil áhersla á ákvarðanatöku barna og starfsfólks |
| Skólanámskrá liggur fyrir | Starfslýsingar og verkaskipting ekki kynntar nægjanlega vel |
| Leikskólinn hefur innleitt mörg verkefni og sérstakar námskrár | Foreldraráð hefur ekki gefið umsögn um ársskýrslu |
| Stefna leikskólans samræmist ákvæðum aðalnámskrár | Eineltisáætlun ekki nægjanlega kynnt og finna þarf úrlausn á eineltismáli innan leikskólans |
| Leikskólar sveitarfélagsins fylltir og farið eftir innritunarreglum sem tryggja jafnræði | Skortur á fagmenntuðu starfsfólki. 30% starfsmanna fagmenntaðir leikskólakennarar |
| Árbær uppfyllir kröfur aðalnámskrár um námssvið | Kynning á nýju starfsfólki er ábótavant meðal foreldra og annars starfsfólks |
| Mikil áhersla lögð á að fylgjast með líðan barna | Símenntunaráætlun liggur ekki fyrir |
| Lögð er áhersla á jafnrétti barna | Ekki búið að taka starfsmannasamtöl við alla starfsmenn |
| Faglega staðið að móttöku erlendra barna | Jafnréttisáætlun ekki nægjanlega vel kynnt |
| Jafnvægi á milli mismunandi þátta í dagsskipulagi | Skólanámskrá og skólastefna ekki endurskoðaðar frá 2006 |
| Vægi frjálsa leiksins er nægjanlegt | Skólanámskrá ekki aðgengileg á heimasíðu eða |

| | |
|---|---|
| | nægjanlega kynnt starfsfólki og foreldrum |
| Próunarverkefni hafa aukið þekkingu og framfarir í leikskólanum | Ekki koma fram tengsl við aðra skóla eða stofnanir í skólanámskrá |
| Hópastarf er mjög gott | Ójafnvægi innan deilda hvað varðar aldursskiptingu |
| Innra mat á uppeldisstarfi og samskiptum | Lítill umræða um lýðræði barna á leikskólanum |
| Börn hafa aðkomu að innra mati | Vantar leikefni fyrir yngstu börnin og auka þarf fjölbreytni í leikefni |
| Umbótaáætlun í kjölfar niðurstaðna úr innra mati liggur fyrir | Foreldrar illa upplýstir um hópastarf og frjálstan leik |
| Gott samstarf við ytri aðila | Innra mat ekki kerfisbundið |
| Ársáætlun foreldraráðs liggur fyrir | Hagsmunaaðilum ekki gerð grein fyrir niðurstöðum úr innra mati |
| Samskipti heimila og skóla gott | Sveitarfélagið hefur ekki framkvæmt ytra mat, hvorki meðal starfsmanna né foreldra |
| Fyrirkomulag aðlögunar skýrt | Ekki er unnið eftir lögbundnum skyldum foreldraráðs. Ekki unnið eftir ársáætlun foreldraráðs. |
| Gott samstarf við sérfræðiþjónustu Árborgar og ríkis | Þátttaka foreldra í mótun uppeldisstarfs ekki nægjanlega skýrt |
| Gott upplýsingaflæði | Ekki staðið nægjanlega vel að flutningi barna milli deilda innan leikskólans |
| Ánægja með matinn á leikskólanum | Sérkennsla ekki nægjanlega vel kynnt fyrir foreldrum |
| Aðlögun nýrra barna | Búið að skera mikinn kostnað niður |
| | Tímaskortur starfsmanna, starfsmenn fara óundirbúnir inn í aðstæður og leysa líðandi stund |

13.2. Ógnanir og tækifæri

| Ógnir | Tækifæri |
|---|---|
| Kreppan – frekari ógnun | Efla gæði mótuneytisins enn frekar, t.d. taka út MSG og unnar kjötvörur og auka fjölbreytni |
| Niðurskurður – næsta fjárhagsáætlun | Heilsuleikskóli, hampa leikskólanum |
| Kjarasamningar – ekki samráðsfundir | Bætt lóð og aðbúnaður |
| Tímaskortur – kemur niður á fagstarfi | Aukið samstarf á milli deilda |
| Mannekla | Auka má rýni á hugmyndafræði og stefnu leikskólans |
| Fjárlög | Auka þarf faglega umræðu um grunnþætti menntunar, leiðarljós og námssvið leikskóla |
| Áhugaleysi frá sveitarfélaginu á lóð | |
| Innkaup / aðföng, bæði mat og lóð | |
| Fagmenntað fólk sæki á aðra leikskóla út af lélegri lóð / aðrir skólar flottari | |
| Ekki lengur Lambaferð v.niðurskurðar | |

13.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf skólinn að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Sveitarfélagið þarf að gera viðeigandi úrbætur á lóð leikskólans og tryggja öryggi barna. Lagfæra þarf atriði sem koma frá ytri aðilum varðandi lóð og húsnæði.
2. Endurskoða skólanámskrá og skólastefnu hið fyrsta og mikilvægt er að allir hagsmunaaðilar taki þátt í þeirri vinnu.
3. Fjölga þarf starfsmannafundum og auka faglega umræðu starfsmanna um hugmyndafræði, stefnu, áhersluþætti og innra starf. Kynna þarf jafnframt betur allar áætlanir sem skólinn vinnur eftir.
4. Bæta þarf móttöku nýrra starfsmanna, útbúa símenntunaráætlun og leikskólastjóri eða deildarstjórar eru hvattir til þess að taka starfsmannasamtöl við alla starfsmenn árlega.
5. Finna þarf leiðir til að fjölga fagmenntuðu starfsfólki.
6. Leggja þarf aukna áherslu á aðkomu barna og starfsfólks á ákvarðanatöku og auka umræðu um lýðræði barna.
7. Framkvæma þarf kerfisbundið ytra mat meðal foreldra og starfsmanna á leikskólanum og kynna niðurstöður.
8. Innra mat þarf að vera kerfisbundið, með skýrum viðmiðum og kynnt hagsmunaaðilum.
9. Foreldraráð þarf að vinna eftir lögbundnum skyldum sínum og setja sér skýr markmið sem farið er eftir.
10. Auka má þátttöku foreldra í mótun uppeldisstarfs á leikskólanum.
11. Standa þarf betur að flutningi barna milli deilda á leikskólanum.

14. HEIMILDIR

Ársskýrsla Árbæjar. 2010 – 2011.

Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Mennta- og menningamálaráðuneytið, Reykjavík.

Art á Suðurlandi. Sótt af heimasíðu 22.nóvember 2011.

<http://www.isart.is/um-art/>

Brunavarnir Árnæssýslu, eldvarnareftirlit. 11.október 2011.

Eineltisáætlun Árbæjar.

Greinargerð leikskólastjóra Árbæjar 17.nóvember 2011.

Greinargerð sérkennslustjóra Árbæjar, 15.nóvember 2011.

Gögn frá leikskólanum 15.nóvember 2011.

Fundargerðir foreldrafélags/foreldraráðs Árbæjar 2011.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Eftirlit í leikskólanum Árbæ. 20.október 2011.

Heilsustefna. 2011. Sótt 1.desember 2011 af

http://heilsustefnan.skolar.is/Saga_heilsuleikskola/

Leikskólastefna Árborgar 2006.

Lög um leikskóla nr.90/2008

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Skapar skólabragur velferð barna. Hafþór Guðjónsson. 2009.

Skapar skólabragur velferð barna. Þróunarverkefni á leikskólanum Árbæ. 2010-2011.

Skólanámskrá Árbæjar 2006.

Tölvupóstur frá leikskólastjóra Árbæjar, 7.desember 2011.

Upplýsingablað um húsnæði og útileiksvæði frá Árbæ. Nóvember 2011.

VIÐAUKAR

Viðauki 1 – Brunavarnir:

1. Dyr út úr listasmiðju er merktar sem rýmingarleið. Of hátt upp í dyrnar. Settur skal upphækkaður pallur fyrir utan og tröppur niður.
2. Á nokkrum EI-30cs hurðum sem eru hólfandi hurðir, eru krókar og festingar til að halda hurðunum í opinni stöðu. Algjörlega er bannað að halda slíkum hurðum opnum nema með segulgripi sem tengt er viðvörunarkerfi.
3. Hurð fyrir eldhúsi hefur verið tekin af. Eldhús skal vera sérstakt brunahólf. Gangurinn fyrir framan er rýmingarleið og skal eldhúsið því hólfað frá.²⁰¹

Viðauki 2 – Leiðarljós Árbæjar

- Við gefum okkur tíma til samráðs, leggjum áherslu á góðar upplýsingar og skýr skilaboð.
- Við virðum hrósum og hvetjum hvert annað til sjálfstæðis og frumkvæðis
- Við hlustum á aðra og virðum skoðanir þeirra
- Við erum samábyrg og viðhöldum góðri liðheild
- Við erum hreinskilin, heiðarleg og baktölum ekki hvort annað
- Við heilsumst, kveðjumst og sýnum hvert öðru hlýlegt og vingjarnlegt viðmót
- Við erum jákvæð og höfum gaman af starfi okkar
- Við erum stundvís og virðum tíma hvers annars
- Við tökum athugasemdum og ábendingum á jákvæðan hátt og lærum af gerðum okkar
- Við leggjum okkur fram um að leysa fljótt og vel úr ágreiningsmálum²⁰²

²⁰¹ Brunavarnir Árnæssýslu, eldvarnareftirlit. 11.október 2011.

²⁰² Skólanámskrá Árbæjar 2006/2011, bls.7.